



Skólaskýrsla

Skólaárið 2021 - 2022



Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Efnisyfirlit | 3 |
| 1 Inngangur | 5 |
| 2 Tölulegar upplýsingar | 5 |
| 3 Fundir, fyrirlestrar og námskeið | 6 |
| 4 Gjafir og styrkir | 7 |
| 5 Fjölbreytt skólastarf | 7 |
| 5.1 Nemendur í listnámi | 7 |
| 5.2 Afreksíþróttalína | 8 |
| 5.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur | 8 |
| 5.4 Suðurnesja-sprettur | 9 |
| 5.5 Erlent samstarf | 9 |
| 5.6 Forvarnavika gegn einelti | 9 |
| 5.7 Lærdómssamfélag | 10 |
| 5.8 Fyrirmyndarstofnun | 10 |
| 5.9 Ferðalög og heimsóknir | 11 |
| 5.10 Menntanet Suðurnesja | 11 |
| 5.11 Græn skref | 12 |
| 5.12 COVID-19 og válynd veður | 12 |
| 6 Ýmsar upptækur | 12 |
| 6.1 Móttaka nýnema | 12 |
| 6.2 Kynningarfundur | 12 |
| 6.3 Vígsla á nýju félagsrými | 13 |
| 6.4 Skuggakosningar | 13 |
| 6.5 Opið hús - námskynning | 14 |
| 6.6 Spiladagur | 14 |
| 6.7 Starfshlaup | 14 |
| 6.8 Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda | 14 |
| 6.9 Gróðursetning | 15 |
| 6.10 Félagslíf nemenda – NFS | 15 |
| 7 Skýrsla matsnefndar | 16 |

| | | |
|-----------|--|-----------|
| 8 | Skýrsla námsstjóra | 18 |
| 8.1 | Starfið veturinn 2021-2022 | 18 |
| 8.1.1 | Fundir á skólaárinu | 18 |
| 8.1.2 | Vettvangsferðir og heimsóknir | 18 |
| 8.1.3 | Helstu innkaup á kennslubúnaði | 20 |
| 8.2 | Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað | 21 |
| 8.2.1 | Erlend tungumál | 21 |
| 8.2.2 | Einyrkjar..... | 23 |
| 8.2.3 | Enska..... | 25 |
| 8.2.4 | Framhaldsskólabraut - Starfsbraut..... | 26 |
| 8.2.5 | Íslenska | 29 |
| 8.2.6 | Íþróttir | 31 |
| 8.2.7 | Listir | 33 |
| 8.2.8 | Málm- og vélstjórnargreinar | 35 |
| 8.2.9 | Rafvirkjun..... | 36 |
| 8.2.10 | Raungreinar | 38 |
| 8.2.11 | Samfélagsgreinar | 41 |
| 8.2.12 | Stærðfræði..... | 45 |
| 8.2.13 | Trésmíði..... | 47 |
| 8.2.14 | Tölvufræðigreinar..... | 49 |
| 8.3 | Námstjórar - lokaorð | 50 |
| 9 | Skýrsla bókasafns..... | 51 |
| 10 | Skýrsla námsráðgjafa | 53 |
| 11 | Skýrsla forvarnafulltrúa..... | 58 |
| 12 | Skýrsla félagslífsfulltrúa..... | 60 |
| 13 | Skýrsla sálfræðinga | 62 |

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2021-2022. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar upptækur í skólastarfinu. Í skólaskýrslunni eru einnig skýrslur matsnefndar, námstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, sálfræðings, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

2 Tölulegar upplýsingar

Haust 2021

Skólastarf hófst 17. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum skólans auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 20. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru rúmlega 900 en auk þess stunduðu um 100 nemendur úr 9. og 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 94; 65 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 9 stundakennarar og 20 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Tveir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf haustannar en það voru þau Auður Svansdóttir sálfræðikennari og Hafþór Óskarsson tölvu- og rafmagnsfræðikennari. Guðbjörg Jónatansdóttir og Sunna Gunnarsdóttir sneru aftur til starfa eftir námsleyfi.

Vor 2022

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluafhendingu og fyrsta kennsludegi 6. janúar. Rúmlega 850 nemendur voru í dagskóla, 20 nemendur í síðdegisnámi og auk þess stunduðu um 100 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Fastir starfsmenn skólans voru 87 á önninni; 64 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 3 stundakennarar og 20 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

3 Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Kennarar höfðu val um að fara á sumarnámskeið sem var haldið í húsakynnum skólans þann 16. ágúst en það fjallaði um námsmat í fjölbreyttum nemendahóp. Markmiðið var að kennarar kynntust fjölbreyttum matshugmyndum sem henta vel í fjölbreyttum nemendahóp og hönnuðu verkefni og matskvarða í sínum námsgreinum út frá ákveðnum viðmiðum. Kennarar voru Guðrún Pétursdóttir og Cherry Hopton en námskeiðið fór að hluta fram til á ensku.

Valdimar Þór Svavarsson var með erindi um samstarf í teymi, ásamt því að fjalla um meðvirknishugtakið fimmtudaginn 2. september.

Fimmtudaginn 27. janúar var erindi fyrir alla kennara og starfsmenn skólans á Zoom. Ingibjörg Þórðardóttir fjallaði ítarlega um mismunandi birtingarmyndir ofbeldis, einkenni þess og afleiðingar. Farið var yfir tölfræðilegar upplýsingar úr íslensku samfélagi og tilkynningarskyldu fagaðila þegar upp kemur grunur um ofbeldi. Einnig var fjallað um aðferðir til að tala við börn, skoðuð sýnidæmi, hvernig hlusta þarf á börn og mikilvægi þess að hafa skýrt verklag í þessum málum, auk þess voru kynnt úrræði og þjónusta sem er í boði til að hjálpa.

Valdimar Þór Svavarsson var með fyrirlestur um meðvirkni og áföll í uppvextinum þann 28. mars.



Frá gróðursetningu útskriftarnemenda á vorönn 2022.

4 Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem fer fram innan hans.

Allir nemendur sem hófu nám í rafiðndeild skólans haustið 2021 fengu spjaldtölvur að gjöf ásamt kennurum deildarinnar. Gjöfin er frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands en þessi samtök standa að átaki þannig að allir nemendur í rafiðngreinum á landinu fái spjaldtölvur til nota í námi sínu. Forsaga málsins er að í nokkur ár hefur verið starfrækt vefsíðan rafbók.is en þar er að finna margvíslegt námsefni fyrir rafiðnaðarnema. Þessi síða hefur verið endurgjaldslaus fyrir nemendur og þar með sparað þeim kostnað við bókakaup. Það er von gefenda að spjaldtölvurnar ýti enn frekar undir notkun á síðunni og nemendur hafi þannig enn betri aðgang og gagn af henni.

Fyrirtækið Sindri gaf málm- og vélstjórnardeild tvo slípirokka.

5 Fjölbreytt skólastarf

5.1 Nemendur í listnámi

Í skólanum er öflug listnámsbraut. Í október tóku nemendur í listnámi þátt í mánuði myndlistar. Það er vettvangur til að kynna starf myndlistarmanna fyrir almenningi og auka umræðu um myndlist og myndlistarmenn. Nemendur fengu nokkra myndlistarmenn í heimsóknir í kennslustundir ásamt því að sækja listsýningar í Listasafni Reykjanesbæjar.

Nemendur listnámsbrautar fóru til Reykjavíkur þann 2. maí og skoðuðu sýningu á verkum Errós í Listasafni Reykjavíkur. Þar stóð yfir yfirlitsýning á verkum hans í öllum sölum safnsins í tilefni á 90 ára afmæli meistarans. Nemendur skemmtu sér hið besta og höfðu leiðsögumenn safnsins orð á því hve stillt, jákvæð og brosandi krakkarnir væru.

Á vorönn stóður útskriftarnemendur á myndlistarlínu fyrir sýningu á verkum sínum í Bíósal Duushúsa í samvinnu við barna og ungmennahátíð Reykjanesbæjar. Sýningin var opnuð fimmtudaginn 28. apríl og var fjölmenni við opnunina. Guðlaug María Lewis, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, flutti ávarp. Þorsteinn Helgi Kristjánsson, nemandi skólans, lék á gítar sem var eitt verkið á sýningunni en Hafrún Júlía Högnadóttir málaði gítarinn.

Í tilefni af forvarnarviku gegn einelti unnu nemendur í textíl til góðs. Þeir saumuðu og seldu fjölnota taupoka til styrktar Fjölsmiðjunni hér á svæðinu. Þorvarður Guðmundson

forstöðumaður hjá Fjölsmiðjunni ræddi við nemendur um starfsemina og markmið hennar, en Fjölsmiðjan gegnir mikilvægu hlutverki þegar þörf er á félagslegum úrræðum fyrir unglinga.

5.2 Afreksíþróttalína

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu.

Daníel Leó Grétarsson landsliðsmaður í knattspyrnu heimsótti afreksíþróttabraut þann 25. janúar og ræddi við nemendur. Daníel Leó er atvinnumaður í Póllandi en lék áður í Noregi og á Englandi. Hann varð stúdent frá skólanum árið 2014 og var einmitt á afreksíþróttabrautinni. Daníel Leó ræddi við nemendur um atvinnumannaferilinn og reynslu sína frá FS. Hann talaði m.a. um hversu mikil forréttindi það væru að geta stundað sína íþróttagrein á skólatíma. Daníel ræddi einnig um muninn á því að mæta á afreksæfingar í FS og æfingar hjá félagsliði sínu. Hann nefndi að engin pressa er til staðar á afreksæfingum þar sem leikmaður er fyrst og fremst að hugsa um að bæta sig sem íþróttamaður og er ekki með áhyggjur af því hvort hann komist í liðið.

Í febrúar heimsótti Andri Iceland nemendur á afreksíþróttabraut og fræddi þá um öndun og slökun. Andri fjallaði um hugtökin "öndun", "hugarfar" og "kæling". Hann byrjaði í íþróttahúsinu með fyrirlestur um öndun auk þess sem nemendur tóku nokkrar æfingar. Nemendur fóru síðan í sundlaugina þar sem þau fóru í kalda pottinn undir leiðsögn Andra. Nemendur lærðu þar að slaka á í köldu vatninu.

5.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Valfögin standa bæði 9. og 10. bekkjum til boða. Áfangarnir sem nemendum stóð til boða að taka voru enska, stærðfræði, textíll og hár, rafmagn, húsasmíði og forritun. Einnig var boðið upp á spænsku og þýsku en því miður náðist ekki í hóp í þeim greinum.

5.4 Suðurnesja-sprettur

Skólaárið 2021-2022 var í gangi verkefnið Suðurnesja-sprettur. Markmið verkefnisins var að styðja og undirbúa efnilega nemendur af erlendum uppruna fyrir háskólanám og stuðla þannig að jöfnum tækifærum til menntunar. Þátttakendur fengu margvíslega fræðslu og valdeflingu sem styður þá í námi og daglegu lífi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Reykjanesbæ, Háskóla Íslands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Verkefnið var styrkt af Próunarsjóði innflytjendamála. Nemendur fóru m.a. á fótboltaleik, fengu fræðslu frá HSS, fóru í heimsókn til forseta Íslands og kynntust laufabrauðagerð á íslensku heimili. Þjóðbjörg Gunnarsdóttir, verkefnastjóri með málefnum erlenda nemenda, leiddi verkefnið fyrir hönd skólans.

5.5 Erlent samstarf

Skólinn tekur virkan þátt í erlendu samstarfi og er það alltaf að aukast. Í nóvember fóru fjórir kennarar frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Tékklands í skólaheimsókn. Þar skoðuðu kennarar skóla í Beroun sem er með nám á sjúkraliðabraut og undirbýr nemendur einnig undir háskólanám í heilbrigðisgreinum. Alls staðar var tekið á mótí hópnum af einstakri gestrisni og áhuga og var mikill vilji til að svara spurningum, fræða og deila þekkingu. Verkefnið var styrkt af Uppbyggingarsjóði EES og Noregs (EEA Grant).

Skólinn tekur þátt í Erasmus+ verkefni með skólum frá Spáni, Finnlandi og Ungverjalandi. Á vorönn fóru nemendur í tvær fimm daga ferðir til Spánar og Finnlands ásamt tveimur kennurum. Markmiðið með verkefninu er að fræða nemendur um evrópska menningu, mikilvægi hennar og uppruna, auk þessa að efla tengsl á milli nemenda. Verkefnið heldur áfram næsta vetur.

Skólinn fékk heimsóknir frá skólum í Póllandi og Lettlandi þar sem kennarar kynntu sér starf og starfshætti skólans okkar. Við endurguldum svo aðra þessa heimsókn með því að senda nokkra starfsmenn skólans til Póllands í lok vorannar í sömu erindagjörðum. Er þetta verkefni styrkt af Uppbyggingarsjóði EES og Noregs.

5.6 Forvarnavika gegn einelti

Víkuna 24.-28. janúar stóð skólinn fyrir forvarnaviku þar sem vakin var athygli á einelti og afleiðingum þess. Á þriðjudeginum fengu nemendur fræðslu og fyrirlestur frá Vöndu Sigurgeirsdóttur í kennslustund í gegnum Zoom. Vanda ræddi um einelti, afleiðingar þess og hvernig er hægt að vera vakandi og stöðva einelti sem er í gangi. Einelti og afleiðingar þess var svo tekið fyrir í kennslustundum alla vikuna. Athygli var vakin á áætlun skólans gegn einelti.

5.7 Lærdómssamfélag

Skóinn hefur verið að vinna í að efla lærdómssamfélag skólans en verkefnið er styrkt af Sprotasjóði. Í verkefninu er unnið að mótun nýrrar framtíðarsýnar skólans, leiðsögn nýrra kennara og vinnu starfsþróunarhóps þar sem kennarar vinna að þróunarverkefnum og læra hver af öðrum. Einnig er unnið að því bæta nám nemenda út frá gögnum og tölum.

5.8 Fyrirmyndarstofnun

Val á Stofnun ársins 2021 var tilkynnt á hátíð Sameykis 16. mars 2022 en titlana Stofnun ársins og Stofnun ársins - borg og bær hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í könnun Sameykis meðal starfsmanna þeirra. Könnunin náði til um 31 þúsund starfsmanna í opinberri þjónustu hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 3. sæti í flokki stórra stofnana í könnuninni en skólinn varð í 7. sæti í síðustu könnun. Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40-89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær skólinn þann titil nú í 6. sinn á síðustu átta árum.



Nemendur og kennarar á Spáni á vegum Erasmus+.

5.9 Ferðalög og heimsóknir

Í mars skelltu nemendur í réttarvísindum og afbrotafræði sér í heimsókn á tæknideild lögreglunnar í Reykjavík ásamt kennurum sínum, Boga Ragnarssyni og Hörpu Kristínu Einarsdóttur. Ragnar Jónsson rannsóknarlögreglumaður og blóðferlasérfræðingur og Björgvin Sigurðsson sérfræðingur lögreglunnar í lífsýnagreiningum tóku afar vel á móti tveimur hópum áhugasamra nemenda. Þeir sögðu frá helstu verkefnum tæknideildar og því starfi sem þar fer fram. Nemendur fengu innsýn í hvernig unnið er með ýmis sönnunargögn eins og til dæmis fingraför, blóðslettur og önnur lífsýni. Þeir ræddu líka umfang starfseminnar og þróun síðustu ára til dæmis hvað varðar innflutning og framleiðslu fíkniefna. Erindi þeirra var vægast sagt fróðlegt og mátti bæði sjá og heyra hve ánægðir nemendur voru með heimsóknina. Það er ekki ólíklegt að sumir nemendur hafi fundið framtíðarstarfið í þessari heimsókn.

Nemendur á íþróttabraut fóru á handboltaleik í Hafnarfirði ásamt kennurum sínum, Kristjönu Hildi Gunnarsdóttur og Gunnari Magnúsi Jónssyni. Ferðin var hluti af handboltaáfanga brautarinnar og var farið á toppleik í efstu deild karla á milli FH og Vals. Búist var við spennandi leik en heimamenn í FH reyndust sterkari og unnu öruggan sigur, 30-22. Hópurinn skemmti sér vel og varð margs vísari.

Fjölmiðlamaðurinn Máni Pétursson heimsótti nemendur í stjórn málafræði og ræddi við þá um frjálsa fjölmiðlun. Máni hefur starfað lengi við fjölmiðla og t.d. stýrt þættinum Harmageddon á X-inu. Það sköpuðust líflegar og skemmtilegar umræður í tímanum. Nemendur voru búnir að undirbúa sig vel og komu með krefjandi spurningar eins og: Á RÚV heima á auglýsingamarkaði? Eru fjölmiðlar í raun og veru frjálsir ef þeir fá ríkisstyrki? Hafa fjölmiðlar áhrif á lýðræðislegar kosningar? Er mikið um falsfréttir á Íslandi? Hvenær mega fjölmiðlar birta nöfn meintra gerenda?

5.10 Menntanet Suðurnesja

Menntanet Suðurnesja er samstarfsverkefni fjögurra menntastofnana á Reykjanesi. Markmið menntanetsins er að styrkja námsframboð og menntaúrræði á svæðinu og efla samstarf þessara menntastofnana. Unnið var að tveimur verkefnum skólaárið 2021-2022. Fyrri verkefnið hét „Eflum atvinnuleitendur“ sem byggir á þeirri hugmyndafræði að einstaklingurinn hafi trú á sjálfum sér og sé tilbúinn að takast á við nýjar áskoranir í lífinu. Seinna verkefnið var sérsniðið nám fyrir ungt fólk á aldrinum 16-20 ára af erlendum uppruna sem byggði á grunnþjálfun í íslensku, fræðslu á íslensku samfélagi og að styrkja einstaklingana að sækja hefðbundið nám í skólunum á Suðurnesjum eða annars staðar. Fjölbrautaskóli Suðurnesja stýrði alfarið verkefninu sem sneri að erlendum ungmennum og tókst það mjög vel, svo vel að eftir því hefur verið tekið í skólasamfélaginu. Þjóðbjörg Gunnarsdóttir stýrði verkefninu.

5.11 Græn skref

Skólinn tekur þátt í Grænum skrefum en það er verkefni fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Grænu skrefin eru fimm talsins en innan hvers skrefs eru 20 - 40 aðgerðir í sjö flokkum sem ná yfir helstu umhverfisþætti í venjulegum skrifstofurekstri. Skólinn hefur nú lokið úttekt fyrir fimmta og síðasta skrefið og erum við einn af fáum framhaldskólum sem hefur náð þeim merka áfanga.

5.12 COVID-19 og válynd veður

Fyrstu vikur vorannar einkenndust af COVID-19 faraldrinum og mikið var um að nemendur og starfsfólk væri frá vegna veikinda eða sóttkvíareinangrunar. Skólinn var í sambandi við nemendur sem ekki gátu sótt skólann og vel var haldið utan um skráningu vegna þessa. Starfsfólk skólans stóð sig einstaklega vel að bregðast við öllum þeim áskorunum sem fylgdi heimsfaraldrinum.

En það var ekki bara heimsfaraldur sem hafði áhrif á skólastarf heldur voru veður válynd með öllum sínum rauðu og appelsínugulu viðvörnum. Þurfti að aflýsa staðkennslu þrisvar sinnum yfir vorönnina af þeim sökum. Þá kom sér vel að nýta eitt af því góða sem kom út úr COVID-19, fjarkennsluna. En þá var hægt, með skömmum fyrirvara, að skipta yfir í fjarkennslu í mörgum námsgreinum þegar á þurfti að halda.

6 Ýmsar upppákomur

6.1 Móttaka nýnema

Þann 7. september var móttaka nýnema en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Nemendafélag skólans bauð upp á skemmtun í skólanun þar sem farið var m.a. í ratleik og Kahoot keppni, horft á Hnýsumyndband og auk þess var boðið upp á pizzur. Vel var mætt á þetta skemmtikvöld.

6.2 Kynningarfundur

Þriðjudaginn 31. ágúst var árlegur kynningarfundur fyrir foreldra nýnema haldinn á sal skólans. Foreldrum nýnema var boðið á fundinn þar sem skólinn var kynntur og sýnt hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í skólakerfinu Innu. Í lok fundarins gafst foreldrum svo tækifæri til að ræða við umsjónarkennara barna sinna. Fundinum var líka streymt í gegnum YouTube-rás skólans þannig að sem flestir gætu fylgst með.

6.3 Vígsla á nýju félagsrými

Nýtt félagsrými nemenda var formlega vígt þann 8. september þar sem Guðlaug Pálsdóttir skólameistari, Einar Jón Pálsson formaður byggingarnefndar og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra fluttu ávörp. Viðbyggingin er 260 m². Arkitekt var Jón Stefán Einarsson hjá JeES arkitektum, Verkfræðistofa Suðurnesja sá um hönnun og eftirlit en aðalverktaki var Húsagerðin. Nýja félagsrýmið hlaut nafnið Miðgarður í nafnakosningu þar sem nemendur og starfsmenn gátu kosið um úr innsendum tillögum. Nafnið var svo tilkynnt á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember síðastliðinn.

6.4 Skuggakosningar

Fyrir alþingiskosningar í september var haldinn framboðsfundur á sal skólans þar sem fulltrúar framboðanna fluttu ræður og svöruðu spurningum nemenda. Í framhaldinu voru svo haldnar skuggakosningar í skólanum. Megintilgangurinn með þeim er að þjálfar nemendur sem ekki hafa náð kosningaldri í að kjósa og undirbúa þá sem hafa aldur til að kjósa í fyrsta sinn.



Frá vígslu nýs félagsrýmis, Miðgarðs, í september 2021.

6.5 Opið hús - námskynning

Mánudaginn 26. apríl var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er níunda árið í röð sem slík kynning er haldin.

6.6 Spiladagur

Þann 9. mars var haldinn svokallaður spiladagur sem bar yfirskriftina *Spilaðu með* þar sem nemendur gátu spilað spil af ýmsum toga. Deginum lauk svo með heljarinnar matartorgi á sal skólans og skemmtidagskrá. Þar tróðu upp tveir nemendur skólans þeir Róbert Andri Drzymkowski og Þorsteinn Helgi Kristjánsson ásamt tónlistarmanninum Jóni Jónssyni. Stemmingin var mjög góð og heppnaðist þessi dagur mjög vel.

6.7 Starfshlaup

Síðasta kennsludag fyrir páskafrí, 8. apríl, var hið árlega starfshlaup haldið og sigraði appelsínugula liðið að þessu sinni eftir æsispennandi keppni. Starfshlaupið var nú haldið í 25. sinn en þessi keppni fór fyrst fram árið 1994. Heppnaðist hlaupið mjög vel og var rífandi stemmning í skólanum allan tímann. Töluðu margir nemendur um að þetta hefði verið mjög skemmtilegur dagur. Margir nemendur voru að upplifa sitt fyrsta starfshlaup en ekki hefur náðst að halda það tvö síðustu ár vegna COVID-19 faraldursins.

6.8 Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda

Í lok hveðrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimmisio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum.

Því miður var engin dimmisio á haustönn.

Á vorönn var dimmisio haldið föstudaginn 29. apríl. Að þessu sinni var hópurinn klæddur eins og Bubbi byggir, í gulum vestum og með öryggishálma. Hópurinn byrjaði á því að borða morgunverð í boði skólans. Það er svo orðin hefð fyrir því að á dimmisio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fór fram verðlaunaafhending til starfsmanna í ýmsum flokkum. Að lokum var tekin hópmynd af hópnum og svo hélt hópurinn á vit ævintýrana.

6.9 Gróðursetning

Hefð er fyrir því að væntanlegir útskriftarnemendur gróðursetji plöntur til minningar um veru sína í skólanum. Í mörg ár hafa útskriftarnemendur gróðursett plöntur á svæði við Rósaselsvötn en nú hefur skólinn fengið úthlutað nýju svæði í Vatnsholti í Keflavík. Nemendur sem útskrifast frá skólanum gróðursetja þar plöntur tvisvar á ári; nemendur sem útskrifast á haustönn fara í upphafi haustannar en hópar sem útskrifast að vori gróðursetja þá.

6.10 Félagslíf nemenda – NFS

Á haustönn reyndi nemendafélag skólans (NFS) að halda uppi félagsstarfi eins og hægt var miðað við aðstæður vegna COVID-19. Haldin voru nokkur skemmtikvöld yfir önnina auk nýnemaballs í lok september.

Lið skólans tóku þátt í Gettu betur og ræðukeppninni Morfís en í Morfískeppninni komst lið FS í átta liða úrslit að þessu sinni. Í mars var frumsýndur söngleikurinn Grease í Frumleikhúsinu. Var sýningin samstarfsverkefni milli Vox Arena og Leikfélags Keflavíkur. Sýningin heppnaðist mjög vel og var sýnd fyrir fullu húsi allar sýningarnar. Söngvakeppni framhaldskólanna var haldin á Húsavík rétt fyrir páska og gerði keppandi FS, Þorsteinn Helgi Kristjánsson, sér lítið fyrir og lenti í þriðja sæti. Tvö böll voru haldin á vorönni. Seinna ballið var árshátíðarball með 90s þema og var þar öllu tjaldað til. Má þar nefna skemmtikrafta eins og Stuðlabandið, Bubba Morthens og Sigríði Beinteinsdóttur. Skemmtu nemendur sér mjög vel og voru sér og skólanum til sóma.

7 Skýrsla matsnefndar

Inngangur

Á haustönn 2021 mynduðu þrjú kennarar Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Haukur Ægisson og Garðar Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara Guðmundi Grétari Karlssyni. Vegna ástandsins sem skapaðist í COVID-19 faraldrinum var starf í lágmarki. Hópurinn hittist þó nokkrum sinnum en unnið er samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2021

Reglulegt kennslumat var gert á haustönn 2021 en það hafði ekki verið gert tvær síðustu annir vegna COVID-19. Sú breyting var gerð að nú var kennslumat lagt fyrir rafrænt gegnum INNU og var matið lagt fyrir alla hópa 13 kennara. Kennararnir fóru síðan í viðtal til skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Einkunnadreifing var skoðuð ásamt brotthvarfi úr áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2022

Hefðbundið kennslumat var gert þar sem kennsla í áföngum fjórtán kennara var metin. Kennararnir fóru síðan í viðtal til skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Gerð var könnun á viðhorfum og þekkingu starfsmanna til verkefnisins Grænu skrefin. Einnig var viðhorf kennara til tveggja mismunandi útfærsla á stokkatöflu kannað. Einkunnadreifing var skoðuð ásamt brotthvarfi úr áföngum og eignastaða tekin út.

Könnun á grænum skrefum

Skólinn er þátttakandi í verkefninu Grænu skrefin. Á vorönn var lögð fyrir rafræn könnun þar sem þeir þættir sem falla undir Grænu skrefin voru kannaðir meðal starfsmanna. Þessir þættir eru samgöngur, úrgangur, orkunotkun, matarsóun, pappírnotkun og efnanotkun. Könnunin var send út á 99 netföng og var svarhlutfall 65%.

Niðurstöður voru helstar þær að langflestir flokka sorp, eða 91% starfsmanna. Flestum finnst auðvelt að flokka sorp á vinnustaðnum eða 81%. Þá kom í ljós að aðeins um helmingur starfsmanna hafa kynnt sér Umhverfis-og loftlagsstefnu FS. Langflestir, eða 82%, segjast hafa dregið markvisst úr pappírnotkun og svipað hlutfall segist hafa dregið úr matarsóun. Þegar kemur að ferðamáta ferðast langflestir á bíl en athygli vekur að nánast enginn svarenda segist nota almenningsamgöngur til að komast í vinnu. Þegar spurt var hvað hindri fólk í að nota

vistvænan ferðamáta, t.d. að ganga eða hjóla, nefndu flestir vont veður og þörf á að nota bíl til erindagjörða eftir vinnu.

Tillögur til úrbóta

Könnun á grænum skrefum:

Aðstaða fyrir þá sem vilja ferðast til og frá vinnu hjólandi eða jafnvel gangandi er ófullnægjandi. Bæta má aðstöðu til að geyma hjól/rafhjól, t.d. með lokaðri hjólageymslu þar sem hægt væri að hlaða rafmagnshjól. Þá væri einnig gott að koma upp búningsaðstöðu fyrir fólk sem hjólar, gengur eða hleypur í vinnu.

Fram kemur að fáir hafa kynnt sér Umhverfis-og loftlagsstefnu FS sem er þó birt að heimasíðu skólans. Þörf er á að kynna tilgang og markmið stefunnar betur fyrir starfsmönnum.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri innra mats, tók saman



Frá spiladegi á vorönn 2022.

8 Skýrsla námsstjóra

8.1 Starfið veturinn 2021-2022

8.1.1 Fundir á skólaárinu

Fundartímar voru tveir á viku þ.e. á mánudögum kl. 14:40-15:40 og á fimmtudögum 14:40-15:40. Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir, samráðsfundir, fagfundir, faggreinafundir, námsfundir og örnámskeið.

Haldið var boð fyrir starfsfólk í tilefni vígslu félagsrýmis þann 8. september.

Tiltektarvika var haldin 1.-5. nóvember þar sem starfsmenn tóku til í kringum sig, á vinnusvæðum, kennslurýmum og sameiginlegum svæðum. Vikan heppnaðist vel og jákvætt andrúmsloft skapaðist í tengslum við þetta uppbrot.

8.1.2 Vettvangsferðir og heimsóknir

Íris Jónsdóttir

Fengu listamann í heimsókn í tilefni Mánaðar myndlistar í október og fyrrverandi nemandi sem var með erindi um ferilmöppu. Tvær heimsóknir á listasöfn í Reykjanesbæ og Reykjavík.

Ásdís B. Pálmadóttir

Fengu 2 gestakennara í háralitun, sýnikennslu frá Vikingblendz í herraklippingu, nýútskrifaðan gamlan nema með sýnikennslu í strípum og tóner. Fyrirlestur frá Grön Saloon í Dk með græna hársnyrtingu. Nemi á 4. önn í Tækniskólanum sagði frá náminu og námssamningum. Lilja formaður hársveina frá FIT kom og kynnti réttindi og skyldur.

Gunnar Valdimarsson

Nemendur á 5. önn í húsasmíði fóru í heimsókn til Sindra og fengu kynningu á Dewalt vélum.

Þórarinn Ægir Guðmundsson

Tveir starfsmenn Sindra komu og héldu fyrirlestur fyrir alla iðnnema um öryggi á vinnustað og meðferð slípiverkfæra. Sindri gaf einnig 2 slípirokka. Jón Garðar Viðarsson svæfingarhjúkrunarfræðingur hélt fyrirlestur fyrir vélstjórnarnemendur um blóðþrýsting og mælingu á honum með og án blóðþrýstímæla. 11 nemendur úr vélstjórn fóru á grunnnámskeið hjá Slysavarnarskóla sjómanna til að öðlast fyrstu réttindi til sjósóknar. Þessir nemendur fóru í heimsókn til VM stéttarfélags, Samgöngustofu siglingadeild og IÐAN endurmenntun iðnaðarins.

Bragi Einarsson

Gestaheimsókn listamanna og fyrrverandi nemanda. Heimsóknir í Listasafn Reykjanesbæjar og Listasafn Íslands.

Sigríður Rós Jónatansdóttir

Nemendur fóru og skoðuðu nýju slökkvistöðina. Hafðís frá sykursýkismóttökunni kom og hélt fyrirlestur um sykursýki og starfsemi innan HSS.,

Bjarki Ásgeirsson

Nemendur á 5. önn fóru í vettvangsferð í Árbæjarsafnið.

Kristjana Hildur Gunnarsdóttir og Gunnar Magnús Jónsson

Nemendur í ÍPRG2HA04 fóru á handboltaleik FH-Valur. Einnig fengu nemendur í ÍPRG2HA04 heimsókn frá Hlyni Morthens markmannspjálfa og Gísla Jóhannssyni eftirlitsdómara í handbolta. Nemendur í Lýðheilsu fóru í heimsókn í líkamsræktarstöðina Lífsstíl. Einnig fóru þeir í útivistarferð og tóku þátt í forvarnardegi ungra ökumanna sem haldinn var í 88 húsinu. Í Lýðheilsu fengu nemendur heimsóknir frá t.d. Landsbankanum, sjúkrapjálfafræðingum, HSS, prestum, Hugrónu, Ástráði og fl. Kennaranemar frá HÍ héldu erindi hjá nemendum í Lýðheilsu, næringarfræði og íþróttum.

Kolbrún Marelsdóttir

Nemendur í Lýðheilsu fóru í 88-húsið á forvarnardag ungra ökumanna. Einnig var farið með hóp nemenda í heimsókn til forseta Íslands.

Hulda Egilsdóttir

Nemendur í ÍSLE2BR fóru í vettvangsferð á Gljúfrastein.

Harpa Einarsdóttir

Nemendur í RÉVÍ2KR fóru í vettvangsferð á tæknideild lögreglunnar í Reykjavík.

Andrés Eyjólfsson

Skíðaferð í Bláfjöll og skautuferð í Laugardalinn með ÍPRÓ1VE01, 88-húsið með LÝÐH1HF05 á forvarnardag ungra ökumanna, Fimleikaakademían var heimsótt með LÝÐH1GV02.

8.1.3 Helstu innkaup á kennslubúnaði

Tímamælibúnaður og ljósabúnaður til snerpuþjálfunar fyrir afreksíþóttir.

Tvær boltagrindur í íþróttahús.

Önnur innkaup teljast til hefðbundins viðhalds.



Frá útskrift haustannar 2021.

8.2 Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað

8.2.1 Erlend tungumál

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|-------------------------|--|--|
| Einar Trausti Óskarsson | SPÆN1SO05 SPÆN1TJ05 SPÆN1SS05 | SPÆN1SO05 SPÆN1TJ05 |
| Guðmundur Ingi Jónsson | DANS1ML05 DANS2LB05 | |
| Ingibjörg Böðvarsdóttir | SPÆN1SS05 | SPÆN1SS05 SPÆN1SO05 |
| Simon Cramer Larsen | DANS2LB05 DANS1ML05 LOKA3LV05 | |
| Veska Jónsdóttir | ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05 LOKA3LV05 | ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05 LOKA3LV05 |
| Helena Guttesen | | DANS2LU05 DANS1ML05 VEFH3HÖ05 FABL2GR05 |
| Sveinn Ólafur Magnússon | | DANS2LB05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Lítið fall var í þýsku. Eftir COVID, eða kannski þrátt fyrir COVID, var ágætur taktur í áföngunum. Nemendur glaðir og áhugasamir.

Nýjungar í kennsluháttum

Notast var við Kahoot með hlustun í spænsku og Wordwalls fyrir æfingar í þýsku. Kennslusíðan Raangu var betrubætt.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Í þýsku breytast neðri mörk í sleppikerfi í einkunnina 6.

Spænskan og þýskan ætla að betrubæta hlustun og tal.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Með fjölbreyttum og hæfilega löngum verkefnum. Með fræðsluspilum og leikjum.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Koma nemendum í gang eftir COVID.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ingibjörg Böðvarsdóttir

Sumarnámskeið á vegum sögukennara hjá endurmenntun HÍ, sumar 2021 og námskeið fyrir foreldra barna með ADHD á vegum ADHD samtakanna.

Veska Jónsdóttir

Leikir í Þýskukennslu

Fyrirlestur og umræður um fjarnám og fjarkennslu í stofnun Vigdísar Finnbogdóttur

Online námskeið á vegum Goethe Institut

Fjórir Zoomfundir á vegum IDV (alþjóðlegs sambands Þýskukennara - undirbúningur

IDT í ágúst í Vinarborg

Umræður um afleiðingar stríðsins í Úkraínu og það sem snertir félaga Þýskukennara

Fundur í München - workshop og verkefnaskipting

Verkefni 1: undirbúa tímarit alþjóðlega félagsins 101 - þema – Þýskukennsla á

Norðurlöndunum; þýddi grein um Sprachenpolitik (málastefna) og útvegaði tvær

aðrar greinar

Verkefni 2 – er í Afríku-verkefninu og IDO - nefndinni (Þýsku Ólympíuleikar og

undirbúningur þeirra)

Þróunarverkefni í skólanum um hópakennslu

Fór á fundi STÍL fyrir hönd félags Þýskukennara

Tók þátt í viðburði um Roma bókmenntir og list á Roma degi

Þriggja daga vinnufundir í Kairo – vinna að skýrslu félagsins, undirbúningur ársfundar, ráðstefnu, útgáfu tímarits o.s.frv.

8.2.2 Einyrkjar

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|---------------------------------------|---|---|
| Ása Valgerður Einarsdóttir, fagstjóri | HJÚK3ÖH05 LYFJ2LS05 VINN3ÖH08 LÍOL2IL05 | HJÚK3FG05 HJÚK3LO03 LIOL2IL05 VINN3GH08 |
| Ásdís Björk Pálmadóttir, fagstjóri | HÁRG1GB02 HÁRG2GB02 HPEM1GB02 HPEM2GB02 HKLI1GB03 IÐNF1GB04 HLIT1GB01 TXHÁ1FH05 UMU1901 | HÁRG2GC03 HPEM2GC02 IÐNF2GB04 KLIP2GB03 HKLI2GC03 HLIT2GB02 TXHÁ1FH05 UMU190 |
| Katrín Sigurðardóttir | FATA1SH05 FATA2SH05 HAND2HS05 TXHÁ1FH05 (grunnskóli) | FATA1SH05 FATA2SH05 HAND2HY05 TXHÁ1FH05 (grunnskóli) |
| Nína María Gústavsdóttir | | MATR1AM05 MATR1AM05 |
| Margrét Kristjánsdóttir | MATR1AM05 | |
| Sigríður Jónatansdóttir | HJÚK1AG05 SJÚK2MS05 dag SJÚK2MS05 brú HJÚK1VA05 SASK2SS05 SJÚK2GH05 VINN2ÖH08 | SJÚ2GH05 LYFJ2LS05 HJÚK2HM05 HJÚK2TV05 HJÚK3FG05 VINN2LS08 VINN3GH08 |

Hvað gekk vel á önninni?

Meiri samfella í náminu eftir að nemendur komu alfarið í staðkennslu. Skilvirkari nemendur.

Nýjungar í kennsluháttum:

Allir liðtækir í fjarkennslu í óveðri og veikindum. Forritun bættist við á viðskiptabraut.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Halda áfram með námsmatsdag. Má lengja helgi á vorönn um 2 daga í febrúar sem vetrarfrí og bæta við aftast í maí. Það væri gott fyrir nemendur og starfsfólk á langri vorönn.

Hvernig var mætingin á önninni?

Mætingin nokkuð góð en þó alltaf hluti nemenda sem geta bætt sig.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Vera með fyrirfram ákveðin verkefni. Ef nemendur velja verkefni hafa þá afmarkaðan val tíma sem hægt er að velja á milli verkefna. Fjölbreytt verkefni. Kennsluaðferðin „Learning by doing“ er mikið notuð í verklegum greinum.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

COVID og óveður.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ásdís Pálmadóttir

Endurmenntun HÍ: Fagkennarar /Nancy frá Pivot Point

Katrín Sigurðardóttir

Endurmenntun HÍ: Stafræn framsetning á verklegri kennslu fyrir listgreinar (FATEX)

Sigríður Rós Jónatansdóttir

Er í meistaranámi í kennslufræðum í HA



Nemendur í textíl saumaðu taupoka til styrktar Fjölsmiðjunni.

8.2.3 Enska

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|------------------------------------|--|--|
| Axel Gísli Sigurbjörnsson | ENSK2GA05 ENSK2KO05 | ENSK2GA05 ENSK1ET05 ENSK2KO05 |
| Kristjana Hrönn Árnadóttir | ENSK2OS05 ENSK3AO05 ENSK3FO05 LOKA3LV05 | ENSK2GA05 ENSK2OS05 ENSK3AO05 LOKA3LV05 |
| John Richard Middleton | ENSK2KO05 | ENSK2KO05 |
| Ólöf Hildur Egilsdóttir, fagstjóri | ENSK2GA05 ENSK3AO05 ENSK3FS05 | ENSK3AO05 ENSK3FS05 ENSK3YN05 |
| Veska Jónsdóttir | ENSK1OS05 | ENSK1OS05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Námið gekk vel samkvæmt áætlun þrátt fyrir mikil veikindi nemenda (og kennara). Fjarkennslureynslan nýtist áfram, allavega hvað varðar kennara.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Mögulega þyrfti einhvern til að halda betur utan um mætingar hjá nemendum. Í sumum námsgreinum nýttist 80 mínútna tíminn illa.

Nýjungar í kennsluháttum. Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Vorum að leggja meiri áherslu á notkun orðaforða í ENSK3AO. Erum að halda áfram að auka það markvisst á næstu önn. Notaðar voru Wordwall æfingar til upprifjunar á orðaforða. Heppnast vel fyrir þá nemendur sem notuðu þetta. Stöðugt er verið að leita að nýju lesefni sem höfðar til nemenda (Smásögur, skáldsögur, lesskilningsverkefni).

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Auka áherslu á notkun orðaforða. Breyta öllu námsefni í ENSK2GA05. Breyta námsefni og byggja upp ENSK1ET áfangann.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Í ENSK3AO var gagnlegt að finna fréttagreinar fyrir nemendur til að vinna með sem höfðaði til þeirra. Varðandi ritgerðarefni, fá þau til þess að skrifa um málefni sem kom þeim beint við.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Helstu áskoranir voru mætingar nemenda og sem og erfitt var að fá þau til að vinna upp það sem þau misstu af.

8.2.4 Framhaldsskólabraut - Starfsbraut

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|-----------------------------------|---|---|
| Ásta Birna Ólafsdóttir, fagstjóri | ÍSLE1ÍL05 LÍFS1FJ05 STAR1VÍ05 LÍFS1LM05 NÁSS1GA05 | LÝÐH1HP05 ENSK1TM05 LÍFS1BE05 NÁSS1GB05 STAR1ST04 ENSK1TM05 |
| Helga Jakobsdóttir | LÝÐH1ST02 NÁSS1FNO5 SAMS1SSO5/umsjón STAR1AP05 STAR1RS05 STÆR1TG05 UMHV1NA05 | ENSK1MT05 FJÖL1SSO5 HBFR1SSO2 ÍSLE1HV05 LÍFS1LM05 LSTR1LM05 LÝÐH1GV02 NÁSS1FN05 STAR1AP05 STAR1FS05 UMU1901 |
| Magnús Einþór Áskelsson | - ÍSLE1UA05 HBFR1HO04 STÆR1TG05 UMHV1NA05 FJÖL1FF04 LÍFS1FJ05 LÝÐH1ST02 NÁSS1FN05 STAR1AP05 SAMS1SSO5 UMU1901 | ENSK1MT05 FJÖL1SSO5 HBFR1SSO2 LÍFS1LM05 LSTR1LM05 LÝÐH1GV02 NÁSS1FN05 STAR1AP05 STAR1FS05 UMU1901 LÍFSLM05 LÝÐH1GV02 |
| Sunna Pétursdóttir | LÍFS1FJ05 LÝÐH1ST02 NÁSS1FN05 SAMS1SSO5 STAR1AP05 STAR1RS05 UMHV1NA05 UMU1901 | FJÖL1SSO5 HBFR1SSO2 ÍSLE1HV05 LÍFS1LM05 LISTR1M03 LÝÐH1GV02 NÁSS1FN05 STAR1AP05 STAR1FS05 UMU1901 |
| Telma Rut Eiríksdóttir | ÍSLE1UA05 HBFR1HO04 STÆR1TG05 UMHV1NA05 FJÖL1FF04 ÍSLE1SA05 LÝÐH1ST02 NÁSS1FN05 STAR1AP05 SAMS1SSO5 UMU1901 | HBFR1SSO2 ÍSLE1ÍK05 ÍSLE1HV05 FJÖL1SSO52 STAR1AP05 |

| | | |
|------------------------------|--|---|
| Pórunn Svava Róbertsdóttir | STAR1AÞ05 ÍSLE1SA05 LÍFS1FJ05 | ÍSLE1HV05 LÍFS1LM05 HBF1SS02 |
| Margrét Alda Sigurvinsdóttir | STÆR1PA STÆR1AR STÆR1GR STÆR1TG LOKA3LV | STÆR1AR STÆR1PH LÍFS1LM ENSK1MT LOKA3LV |
| Linda Björk Helgudóttir | ÍSLE1SA05 STÆR1TG05) STAR1AÞ05 FJÖL1FF04 SAMS1SS05 | ENSK1MT05 ÍSLE1HV05 NÁSS1FN05 LSTR1LM03 LÝÐH1GV02 FJÖL1SS05 STAR1AÞ05 |

Á haustönn störfuðu þrír stuðningsfulltrúar í 100% stöðu þ.e. Drífa Guðmundsdóttir, Haraldur Jónsson og Helena Guttesen. Á vorönn störfuðu tveir stuðningsfulltrúar í 100% stöðu þ.e. Drífa Guðmundsdóttir og Haraldur Jónsson og tveir í hlutastarfi þ.e. Helena Guttesen og 1. apríl byrjaði Elín Anna Guðmundsdóttir í 60% stöðu.

Hvað gekk vel á önninni?

Margir nemendur þurftu að fara í sóttkví eða fengu COVID. Þrátt fyrir það gekk vel að fylgja kennsluáætlun og námsefnið var haft aðgengilegt á Innu. Samstarfið var gott og góður starfsandi.

Starfsfólki tókst að láta nemendur finna sem minnst fyrir manneklu. Margir nemendur nýttu sér utanbrautaráfangana og sóttu námsaðstoðar áfangann.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Brautin var stundum undirmönnuð vegna veikinda og breyttra aðstæðna. Stuðningsfulltrúar og annað starfsfólk voru jákvæð og sveigjanleg og gengu inn í fjölbreytt og mismunandi störf sem voru ekki alltaf í samræmi við starfslýsingu. Þetta hafði stundum áhrif á kaffi og matarhlé starfsfólks.

Það hefði þurft að vera fleira starfsfólk til þess að geta mætt álagi, manneklu og fjölbreyttum þörfum nemendahópsins.

Nýjungar í kennsluháttum

Allir voru opnari fyrir fjarkennslu og gott að hafa möguleikann á því að geta skipt yfir í hana ef þess þurfti. Netsamband við nemendur var meira. Prófað var að hafa Facebook-hóp fyrir eitt fag, sem gekk vel. Google Docs var notað meira til að miðla til nemenda og fá til baka verkefni frá þeim. Það tryggir að efnið er þeim aðgengilegt hvort sem þau eru með tölvu eða ekki og markvissari endurgjöf.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Nýjar bækur gengu vel. Canva notað í kennslu og það reyndist vel. Skoða að fá áskrift að Canva.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Við erum í sífelldri endurskoðun. Aukið rými fyrir sífellt stækkandi nemendahóp. Þarf að fara varlega í stórar breytingar á miðri önn.

Hvernig var mætingin á önninni?

Ýmis veikindi vegna COVID höfðu mikil áhrif á mætingu starfsfólks og nemenda.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Notum alltaf fjölbreyttar leiðir og jákvæðni. Áhersla á að vinna með styrkleika hvers og eins. Stöðug endurskoðun jafnvel innan hvernar kennslustundar.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Fjarvera starfsfólks og undirmönnun.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Þórunn Svava Róbertsdóttir

Námskeið í FS – Námsmat í fjölbreyttum nemendahóp

Margrét Alda Sigurvinsdóttir

Námskeið í FS – Námsmat í fjölbreyttum nemendahóp

Skipulag stærðfræðikennslu

Annað

Þurfum að skoða námsmat betur. Skoða að nýta Innu til námsmats.

8.2.5 Íslenska

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|------------------------------|---|---|
| Anna Karlsdóttir | ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 VITA2VT05 LOKA3LV05 | ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 VITA2VT05 LOKA3LV05 |
| Ásta Svanhvít Sindradóttir | ÍSLE2MÆ05 ÍSLE1MR05 ÍSAN3BÓ05 ÍSAN3NB05 LOKA3LV05 | ÍSLE2MÆ05 ÍSLE1MR05 ÍSAN3NB05 ÍSAN1DT05 LOKA3LV05 |
| Bryndís Garðarsdóttir | ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 -2 hópar ÍSAN1BE05 ÍSAN2AB05 ÍSAN2BS05 LOKA3LV05 | ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 ÍSAN2AB05 ÍSAN2BS05 LOKA3LV05 |
| Einar Trausti Óskarsson | | ÍSAN1BE05 |
| Hulda Egilsdóttir, fagstjóri | ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05 – 3 nem | ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05 – 7 nem |
| Lilja Dögg Friðriksdóttir | ÍSLE2LR05 ÍSLE1FA05 ÍSLE1ML05 | ÍSLE2LR05 ÍSLE1FB05 VITA2VT05 |
| Þjóðbjörg Gunnarsdóttir | | ÍSAN1NÆ05 |
| Þorvaldur Sigurðsson | ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 | ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Nemendur voru áhugasamir (margir hverjir). Námsefni var fínt og gekk vel að framfylgja áætlunum.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Skrýtin önn upp á það að gera hvað var mikið um fjarveru vegna COVID.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Það verður m.a. skipt um kennslubók í ritun.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Með því að tala við nemendur og sýna þeim sveigjanleika.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Það var áskorun að halda kennslunni áfram vegna veikinda og/eða sóttkvíar. Innan kom að góðum notum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Anna Karlsdóttir Taylor

Endurmenntun HÍ: Sagnalandið

Ásta Svanhvít Sindradóttir

Endurmenntun HÍ: Sagnalandið

Bryndís Garðarsdóttir

Endurmenntun HÍ: Nútímabókmenntir, Sagnalandið, Flateyjarbók

Hugvísindasvið HÍ: ÍSL205G -Íslensk bókmenntasaga fram til 1900 –10 eininga námskeið

Hugvísindasvið HÍ: ÍSL206G -Miðaldabókmenntir - 10 eininga námskeið

Hulda Egilsdóttir

Endurmenntun HÍ: Sköpunarkraftur og svefn

Endurmenntun HÍ: Skapandi skrif í sögukennslu

Endurmenntun HÍ og Samtök móðurmálskennara: Nútímabókmenntir

Nordspråk: Norræn goðafræði (sumarnámskeið á Íslandi)

Endurmenntun HÍ: Sagnalandið

Endurmenntun HÍ: Flateyjarbók, Ólafs saga Tryggvasonar

Nordspråk: Det nordiske klasserum (ráðstefna í Kaupmannahöfn)

Lilja Dögg Friðriksdóttir

Sagnalandið - EHÍ - haust 2021

Námskeið í FS – Námsmat í fjölbreyttum nemendahóp

Annað

Umræður um kosti og galla Innu. Gott ef nemendur fengju tilkynningar frá Innu ef kennari setur inn heimavinnu. Rætt var um próf í Innu og koma upp stærri prófabanka/spurningabanka til að nýta Innu hvað varðar prófafyrirlögn (þannig að nemendur geti síður lært utanbókar eldri próf).

8.2.6 Íþróttir

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|-------------------------------------|---|--|
| Andrés Eyjólfsson | ÍþRF2SS05 ÍþRF2PJ05 ÍþRÓ1AL01 ÍþRÓ1GC01 LÝÐH1HF05 LÝÐH1ST02 UMU1901 | ÍþRF3LH05 ÍþRF2BA04 ÍþRÓ1AL01 ÍþRÓ1GA01 ÍþRÓ1VE01 LÝÐH1GV02 LÝÐH1HF05 UMU1901 |
| Gunnar Magnús Jónsson, fagstjóri | KNAT1AA05 KNAT2AA05 KARF1AA05 KARF2AA05 ÍþRÓ1GA01 ÍþRÓ1AL01 | KNAT1AA05 KNAT2AA05 KARF1AA05 KARF2AA05 ÍþRG2HA04 ÍþRF2SÁ05 ÍþRÓ1GA01 ÍþRÓ1AL01 |
| Kristjana Hildur Gunnarsdóttir | LÍOL2SS05 HEIL2BL05 ÍþRÓ1AL01 ÍþRÓ1GB01 LÝÐH1HF05 ÍþRF3NÆ05 | LÍOL2SS05 ÍþRG2HA04 ÍþRÓ1AL01 LÝÐH1HF05 NÆRI2NN05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Skipulag gekk vel þrátt fyrir smá hnökra vegna COVID og veðráttu. Gott að vera komin með allt í eðlilegt horf.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Mæting nemenda hefði mátt vera betri.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Það er verið að skoða að setja bóklega fræðslu inn í einn íþróttáfangann.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Höfða til áhugasviðs, þar sem mögulegt er að taka tillit til þarfa einstaklingsins varðandi hreyfingu.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Að láta nemendur átta sig á því að til þess að ná áfanga þá þarf að mæta vel og vera virkur.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Kristjana Hildur Gunnarsdóttir

Sköpunarkraftur og svefn - maí 2021

Námsmat í fjölbreyttum nemendahóp - ágúst 2021

Gunnar Magnús Jónsson

UEFA Pro þjálfaragráða

Annað

Það þarf að ítreka við leigjendur að sinna viðhaldi í þreksal t.d. hlaupbretti og tæki. Netsamband er ekki gott í B-sal og það þarf að laga, en það hefur mikil áhrif á kennsluna þar sem mikið er notast við tónlist á netinu. Aðstöðu í kennaraherbergi mætti uppfæra og laga, t.d. húsgögn og tölvuaðstöðu.



Andri Iceland fræddi nemendur á afreksíþróttabraut um öndun og slökun.

8.2.7 Listir

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|----------------------------|---|--|
| Bragi Einarsson | MYNL2AT05 MYNL2TA05 TEIK1TE05 UPPL2TU05 | MYNL3TB05 MYNL3PR05 TEIK1TE05 UPPL2TU05 |
| Íris Jónsdóttir, fagstjóri | SJÓN1LF05 SJÓN1TF05 MYNL3LM05 MYNL3MÁ05 ITE1GB05 UMU1901 | MYNL2FF05 MYNL2MA05 MYNL3ML05 MYNL3MÁ05 MYNL3LO10 UMU1901 |
| Ingibjörg Böðvarsdóttir | LISA1HN05 LISA3ÍS05 | LISA2RA05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Mjög vel miðað við aðstæður. Flóknara í fjarkennslu en nemendur stóðu sig vel að öðru leiti. Yfirleitt var það skissubókarvinnan sem nemendur voru að gera heima hjá sér þegar skólinn var lokaður.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Það má alltaf gera betur en miðað við aðstæður á tímabili, áhersla var á að láta hlutina ganga.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Engar nýjar kennslubækur en deildin er vel búin kennslugögnum sem yfirleitt er sótt á netið og dreift eftir aðstæðum. Bókasafnið hefur upp á að bjóða fínan bókakost og nemendur sækja sér gögn þangað ef þarf. Nemendur hafa tileinkað sér netið töluvert og sækja sér upplýsingar og gögn eftir ábendingum kennara.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Skoða að bæta það sem vel fór og taka út það sem virkaði ekki. Það sem virkar vel fyrir einn hóp er ekki endilega að virka á næsta hóp.

Hvernig var mætingin á önninni?

Mæting var yfirleitt mjög góð miðað við aðstæður. Einhver veikindi en í fámenum hópum þá hefur það mikið að segja ef það vantar einhvern í tíma.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Yfirleitt best að ræða við nemendur um verkefnið, sýna þeim dæmi og innlögð fyrir verkefni og þau voru yfirleitt dugleg að vinna úr því.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Fjarkennslan.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Írís Jónsdóttir

Endurmenntun HÍ: Stafræna framsetning á verklegri kennslu fyrir listgreinar (FATEX),
Sköpunakraftur og svefn



Nemendur á listnámsbraut skoða sýningu á verkum Errós í Listasafni Reykjavíkur.

8.2.8 Málm- og vélstjórnargreinar

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|---------------------------|--|---|
| Ívar Valbergsson | STÝR1VA04AV | VÉLS2VB04 |
| Þorsteinn I. Hjálmarsson | SMÍÐ1VA04 SUÐA1SS05 MALM1MA05 VÉLS1VA04 RENN2VB03 UMU1901 | MLSU2VB03 VÉLS2VA04 VÉLV3VA04 SMÍÐ1VB04 KÆLI2VA05 UMHV2SA04 UMU1901 |
| Þórarinn Ægir Guðmundsson | SUÐA1SS05 RAMV2VA04(CV) HÖSK2VA04 IÐTE3VB04(CV) MALM1MA05 MLSU1VA03 | RAMV1VA04 MALM1MA05 IÐTE2VB04(BV) HBF1SA05 SUÐA1SS05 RAFL3GD03 |

Hvað gekk vel á önninni?

Áhugi nemenda virkjaðist vel, skilningur þeirra á mikilvægi náms og bein tenging við starfið.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Mæting hefði mátt vera betri.

Voru einhverjar nýjungar í kennsluháttum?

Kennsluefni það sama en ýmsar breytingar vegna heimsfaraldurs þar sem þurfti að hliðra til og prófa sig áfram.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Fjölga lokaskiladögum og vera með stívari reglur varðandi hvað lokaskiladagur merkir.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Sýna beina tengingu við starfið og fá staðfestingu frá starfandi vélstjórum um mikilvægi náms

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindrarnirnar á önninni.

Mætingar og að fá nemendur í hús eftir COVID.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ívar Valbergsson

Sáttamiðlun

Þórarinn Ægir Guðmundsson

Rafmennt: reglugerðir raforkuvirkja

8.2.9 Rafvirkjun

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|----------------------------------|--|---|
| Björgvin Jónsson | RAFL3RE05 RAST2RB05 STÝR1GA05 RAFL1GA03 RAFL2GC03 RAFG1KY05 RAFG1KY05 (grunnskóli) RAFL2GC03 (síðdegis) | LYST3RB05(1) RAFG1KY05(1) RAFL1GB03(1) RAFL1GB03(2) RAFL3GD03(1) STÝR2GB05(1) RAFG1KY05 (grunnskóli) RAFL3GD03 (síðdegis) RAST2RB05 (utanskóli) |
| Garðar Þór Garðarsson, fagstjóri | FRLA3RA05 RAFM1GA05 RAFM3RF05 (utanskóli) RATM2GA05 STÝR3GC05 STÝR3GD05 (utanskól)i | FRLA3RB05 RAFM2GB05 RAFM3RF05 STÝR3GC05 (utanskóli) STÝR3RD05 TNTÆ2GB05 |
| Hafþór Óskarsson | TNTÆ1GA05 TNTÆ3GC05 | TNTÆ2GB05 |
| Hlynur Heimisson | RAFM1GA05 TNTÆ1GA03 VGRT1GA03 VGRT2GC04 RATM2GA05 VGRT2GC04 | VGRT2GB03 VSME2GR05 RAFM2GB05 RLTK2RB05 RATM2GB05 UMU1901 |
| Sverrir Gunnarsson | RAFL1GA03 RAFM3RE05 RLTK3RB05 RLTK3RB05 RRVV2RA03 STÝR1GA05 VGRT2GC04 | RAFG1KY05 (2) RAFM2GC05 (52) RAFM3GD05 (1) RATM2GB05 (91) RLTK2RB05 (2) RRVV2RB03 (1) STÝR2GB05 (2) VGRT2GB03 (2) |

Hvað gekk vel á önninni?

Flest allt gekk vel á önninni og engin stórvægileg mál komu upp.

Nýjungar í kennsluháttum

Hafin var fyrsta prufa í notkun á CNC fræsara fyrir prentplötugerð í nýju Fab Lab skólans.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Tekið í gagnið þrívíddar hönnunarforritið Fusion ásamt því að 3D prentarar voru nýttir.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Sverrir Gunnarsson:

Rafiðnfræði: HR: lögfræði, reglunar- og krafteindatækni, rafiðnfræði, lokaverkefni í rafiðnfræði.

Kennslufræði-diplóma. HÍ: Forritun og tæknismiðjur

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Tengja deildina enn meira við Fab Labið.

Hvernig var mætingin á önninni?

Ekkert sérstök.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

COVID.



Nemendur á rafiðnabraut fengu spjaldtölvur að gjöf.

8.2.10 Raungreinar

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|----------------------------|---|--|
| Ásgeir Ólafur Pétursson | EÐLI2AF05 EÐLI3BL05 STJÖ2AL05 | |
| Ester Þórhallsdóttir | UMHV1NU05 JARÐ2AJ05 EFNA2LM05 EFNA2GE05 | UMHV1NU05 JARÐ2AJ05 EFNA2LM05 EFNA3RE05 |
| Hafþór Óskarsson | | EÐLI2AF05 |
| Harpa Kristín Einarsdóttir | LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 LÍFF3LÍ05 UMHV1NU05 UMU1901 | LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 LÍFF3LÍ05 UMHV1FR05 RÉVÍ2KR05 UMU1901 |
| Haukur Viðar Ægisson | UMHV1NU05 LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 | UMHV1NU05 UMHV1FR05 LÍFF2ML05 LÍFF3ER05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Efnafræði (EFNA3RE05) gekk vel því þar skapaðist sérstaklega góður andi í hópnum. Nemendur voru jákvæðir og leið vel í tíma.

Jarðfræðiráðstefna gekk vel. Gott þegar nemendur þora að stíga út fyrir þægindarammann - halda erindi fyrir framan samnemendur. Góður andi í jarðfræðihópnum og líka EFNA2LM05. Gekk vel að byrja notkun á vinnubók. Settum í Yfirlit í INNU dagskrá hvers tíma. Góð samvinna í umhverfisfræði þar sem gera þurfti nýtt efni.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Umhverfisfræði - hér hefði þurft að nýta meiri krafta til að ná upp betri stemningu.

Nýja skiptingin í umhverfisfræði dró úr muninum á nemendum en það var samt enn munur. Spurning hvort það þurfi að skoða betur hvernig valið er í hópanna.

Námsefnið í UMHV1FR05 aðeins of erfitt en það er hægt að laga.

Sumir nemendur að nýta sér ástandið í sambandi við mætingar og skil.

Nýjungar í kennsluháttum

Nemendur í efnafræði gátu valið um tvær dagsetningar til að taka könnunarpróf 1 og 2.

Vinnubækur í líffræðiáföngum.

Engin stór próf í umhverfisfræði.

Breyttar áherslur í verkefnum í umhverfisfræði.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Ný bók í umhverfisfræði. Lofar góðu en þyrfti að nýta betur. Bókin svolítið einhæf.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Í umhverfisfræði - nýta bókina betur.

Halda áfram að þróa umhverfisfræðina.

Auka verkefni og minnka fyrirlestra í líffræðinni.

Endurskoða skiptingu námsefnis á milli LÍFF2LE og LÍFF3LÍ.

Hvernig var mætingin á önninni?

Fyrir utan COVID þá svipuð. Stór kjarni sem mætti alltaf en einhverjir sem ekki mæta vel.

Slæm í UMHV1FR05 en var kannski hægt að búast við því vegna samsetningu nemendahópsins.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Spjalla í upphafi um daginn og veginn og jafnvel benda þeim á eitthvað spennandi. Þetta á aðallega við umhverfisfræðina. Í öðrum áföngum hafa nemendur verið frekar samviskusamir. Þau vita til hvers er ætlað af þeim. Tala við þau með virðingu og spjalla við þau um málefni sem þau hafa áhuga á. Reyna að skapa rólega stemmingu svo nemendur geti einbeitt sér að náminu.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

COVID

Óvissa vegna veikinda (hvenær fæ ég COVID?).

Þreyta í kjölfar COVID.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Harpa Kristín Einarisdóttir

Námskeið um leiðsögn kennara, FS

Samlíf í samstarfi við LBHÍ: Nýjungar í veirufræði

Félag raungreinakennara í samstarfi við HÍ: Veður og veðurfarsfræði

Vefstofa fyrir verkefnastjóra Erasmus+

Haukur Viðar Ægisson

Veirunámskeið - Samlíf

Ester Þórhallsdóttir

Veður og veðurfarsfræði – fyrir framhaldsskólakennara

Skapandi skrif í sögukennslu



Nemendur í réttarvísindum og afbrotufræði heimsóttu tæknideild lögreglunnar í Reykjavík.

8.2.11 Samfélagsgreinar

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|-------------------------|---|--|
| Anna Rún Jóhannsdóttir | SÁLF2HS05 SÁLF3PS05 SÁLF3LÍ05 | SÁLF2HS05 SÁLF3PS05 SÁLF3SM05 |
| Atli Þorsteinsson | SAGA2HI05 FÉLV1IN05 | SAGA2HI05 FÉLV1IN05 FÉLV1FR05 |
| Auður Svansdóttir | SÁLF3JS05 SÁLF2HS05 | SÁLF3JS05 KYNJ2KJ05 |
| Bogi Ragnarsson | FÉLA2ES05 FÉLA3KS05 FÉLA3HE05 FÉLA3AB05 | FÉLA2ES05 FÉLA3RA05 FÉLA3HE05 FÉLA3AH05 |
| Guðbjörg Jónatansdóttir | SAGA3KM05 VITA2VT05 FÉL1IN05 | SAGA3SS05 VITA2VT05 FÉLV1FR05 |
| Hlynur Ómar Svavarsson | HAGF2PF05 VIFR3LF05 VIFR2MF05 | HAGF2RH05 VIFR3MR05 VIFR2ST05 |
| Kolbrún Mareldóttir | LÍFS1ES05 LÝÐH1HF05 UMU1901 | LÝÐH1EN01 LÝÐH1FA05 UMU1901 VITA1VF04 LÝÐH1HF05 |
| Lovísa Larsen | HEIM2HN05 FÉLA3ST05 UPPE2AU05 SIÐF2SÁ05 LOKA3LV05 | FÉLA2ES05 FÉLA3ST05 UPPE2AU05 SASK2SS05 UPPE3MU05 LOKA3LV05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Í félagsvísindum gekk vel að getuskipta hópum, þ.e. framhaldsskólabrautin var sér. Þetta hafði þau áhrif að brottfall í þeim nemendahópi var minna (höfum ekki tölulegar upplýsingar en tilfinningin segir okkur það).

Í sögunni prófuðum við munnleg próf til að átta okkur á þekkingu og færni.

Heilt yfir gekk önnin vel miðað við aðstæður. Nemendur voru jákvæðir og tóku virkan þátt. Greinileg gleði að komast inn í skóla og að COVID væri ekki að hafa of mikil áhrif.

Almennt gekk vel í lýðheilsu. Við skiptum niður námsefninu í byrjun annar og gátum því einbeitt okkur betur að því efni, en það hafði þó líka sína galla.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Hefðum þurft að taka skiladaga fastari tökum, en vegna COVID vorum við aðeins of tillitsöm (þegar þess þurfti í raun ekki).

Nemendur voru í heildina ekki að mæta nógu vel, of margir tæpir á mætingu.

Meðaleinkunn var heldur lægri en fyrri annir, möguleg áhrif COVID? Ekki endilega meira fall en afburðanemendur voru færri en venjulega.

Námsmatið hefði mátt vera betur upp sett í lýðheilsu og er það í endurskoðun.

Mæting nemenda og virkni hefði mátt vera betri. Nemendur meira til baka eftir COVID tímabil.

Nýjungar í kennsluháttum

Munnleg próf, alltaf einhver ný verkefni og nýjar gerðir af verkefnum í félagsvísindum. Stríðið í Úkraníu gaf okkur tækifæri til þess að fjalla um efni líðandi stundar. Nýjar útgáfur af verkefnum.

Bogi var í samstarfi við FSN þar sem kennarar skiptust á hugmyndum og verkefnum.

Eineltisvika var sett upp og þar gerðu nemendur podcastsverkefni.

Námsefni var skipt betur niður á milli kennara sem hafði sína kosti og galla

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Bæði í sögukennslunni og félagsvísindum búum við til kennsluefnið sjálf og erum alltaf að tengja það við málefni líðandi stundar. Reynslan er misjöfn.

Engar nýjar bækur en kennslugögnin í sífelldri þróun.

Nei og já...byrjað var að kíkja á Mannkostamenntun sem tekið verður inn á næstu önn.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Við teljum mjög mikilvægt að áfanginn SAGA2HI05 sé skylduáfangi á öllum stúdentsbrautum. Við erum orðin óþægilega vör við að söguvitund nemenda sem útskrifast hjá okkur er engin. Það er óforsvaranlegt að nemendur sem koma frá okkur og hefja háskólanám þekki ekki helstu atburði

20. aldar á borð við Helförina.

Myndum vilja koma inn lokaprófi.

Lýðheilsuáfanginn er í endurskoðun og Mannkostamenntun verður tekin inn að hluta. Einnig þarf að endurskoða námsmat. Skoða þarf vinnslu á verkefnum, minnka þarf farþegana – spurning að hafa fleiri einstaklingsverkefni en það dregur reyndar úr samskiptum sem þarf svo sannarlega að vinna með.

Hvernig var mætingin á önninni?

Þeir nemendur sem stunduðu námið mættu vel, en síðan er alltaf nokkur hópur sem lætur ekki sjá sig. Alls ekki góð. Margir nemendur með mjög lélega mætingu. Mætingin í lýðheilsu var góð hjá þeim sem ætluðu sér að mæta, en mjög slök hjá of mörgum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Með fjölbreyttum verkefnum og að ná að tengja kennsluefnið við málefni líðandi stundar.

Setja fram verkefni sem þau hafa áhuga á og þau tengja við. Vera líflegur í kennslustundum, hafa gaman og vera duglegur að ganga á milli og hvetja nemendur áfram.

Passa sig að byrja á einföldum verkefnum sem þau hafa tök á að vinna og byggja svo upp erfiðleikann jafnt og þétt.

Það gat verið erfitt að virkja nemendur í lýðheilsu, en það virkar alltaf mjög vel ef þau mega vinna á sinum eigin hraða og klára, en það þarf þó að passa upp á að þau verkefni séu þó vel unnin.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

COVID setti strik í reikninginn en stærsta áskorunin var að búa til skólabrag aftur í kennslustofunni eftir tveggja ára fjarnám. Fá nemendur til þess að tjá sig fyrir framan hópinn.

Veruleg áskorun hjá þeim nemendum sem tala ekki né lesa íslensku. Hvernig eigum við að virkja þau í tímum á sama tíma og koma efninu til skila fyrir aðra nemendur? Spurning um að koma á framfæri til nemenda þeim áföngum þar sem námsefni er að hluta til á ensku?

Að halda nemendum virkum í 80 mín en þó ekki allir sammála því – mismunandi eftir efni hverju sinni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Kolbrún Marelsdóttir

Sköpunarkraftur og svefn

Námsmat í fjölbreyttum nemendahóp

Guðbjörg Jónatansdóttir

EHÍ : Skapandi skrif í sögukennslu

Annað

Lýðheilsuáfanginn er lifandi áfangi og þarf sífellt að vera í endurskoðun. Verkefni og umræðuefni eru svo mörg svo að það þarf að huga að mörgu. Þetta er mjög mikilvægur áfangi þar sem rætt er um forvarnir og heilsu á mjög víðtækan hátt eftir því hvernig landið liggur hverju sinni.



Fjölmiðlamaðurinn Máni Pétursson heimsótti nemendur í stjórnmálafræði.

8.2.12 Stærðfræði

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|------------------------------------|--|---|
| Ásgeir Ólafur Pétursson | STÆR2AR05 | |
| Axel Gísli Sigurbjörnsson | STÆR1PA05 | STÆR1PA05 |
| Guðmundur Ingi Jónsson | STÆR1AR05 | |
| Gunnlaugur Sigurðsson | STÆR3FT05 STÆR3SS05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR2AH05 STÆR2AH05 Grunnskólaval | STÆR4SG05 STÆR3AF05 STÆR3HI05 STÆR2VH05 STÆR2AH05 Grunnskólaval |
| Haukur Viðar Ægisson | STÆR1AR05 STÆR2AR05 | STÆR2AR05 |
| Inga Lilja Eiríksdóttir, fagstjóri | STÆR2AH05 STÆR3DF05 STÆR2TL05 STÆR2VH05 | STÆR2AH05 STÆR3DF05 STÆR2TL05 |
| Jón Gunnar Schram | STÆR2AR05 STÆR1AR05 | STÆR2AR05 STÆR1AR05 |
| Margrét Alda Sigurvinsdóttir | STÆR1PA05 STÆR1AR05 | STÆR1AR05 |
| Þjóðbjörg Gunnarsdóttir | STÆR1FA05 STÆR2TL05 STÆR3ÁT05 | STÆR1FB05 STÆR2TL05 STÆR3ÁT05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Gekk vel að hafa staðkennslu þrátt fyrir COVID. Samstarf við samkennara og nemendur gekk mjög vel. Góður andi. Gekk vel að gera kynningarmyndband (starfakynningu).

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Mæting ákveðinna nemenda hefði mátt vera betri. Mikið um útskýrðar fjarvistir í grunnáföngum.

Nýjungar í kennsluháttum

Það er ástæðulaust að breyta því sem virkar vel. Úrval af stuðningsefni fyrir nemendur eins og t.d. kennslumyndbönd hefur aukist og nýtist þeim sem vilja.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Ný kennslubók í 3HI er ágæt með stuðningi frá gömlu bókinni. Kennslumyndböndin eru nýleg kennslugögn sem við vísam í og notum með nemendum.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Tökum inn nýtt efni í 2AR. Ætlum að breyta námsmati í 1AR, hafa 3 lotur í stað 4 og sleppa lokaprófi.

Erum að skoða að breyta námsmati í fleiri áföngum.

Hvernig var mætingin á önninni?

Ágætis mæting í 3. og 4. þreps áföngum. Frekar slæm mæting í 1AR, 2AR og fornámi, oft bara þriðjungur nemenda að mæta.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Með því að vera hvetjandi.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Slök mæting nemenda mikil áskorun. 80 mínútna kennslustundir nýtast illa.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Þjóðbjörg Gunnarsdóttir

Sköpunarkraftur og svefn

Námsmat í fjölbreyttum nemendahópi

Meðvirkni og áföll í æsku

Annað

Almenn hamingja í stærðfræðihópnum, góður stuðningur, góður mórall og gott samstarf.

Væri gott að hafa aðgang að fundarherbergi svipað og „Fiskabúrið“ var og hét.



Nemendur á listnámsbraut sýndu verk sín í Duus-húsum.

8.2.13 Trésmíði

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|---|--|--|
| Bjarki Ásgeirsson | TRÉS1HV08 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05 TRÉS1VÁ05 UMU1901 | TRÉS1VT08 TRÉS1VT08 HÚSA1KY05 HÚSV3HU05 TRST3HH05 UMU1901 |
| Björn Sturlaugsson | EFRÆ1EF05 X2 TEIK2HS05 X2 TEIK2HH05 TEH 303 (TEIK3HU05) | FRVV1FB05 LOKA3HU08 (á móti GV) TEIK2HS05 TEIK2HH05 TEIK3HU05 TRST3HH05 (á móti BÁ) |
| Gunnar Baldvin Valdimarsson, fagstjóri | HÚSA3HU09 HÚSA3þÚ09 BYGG2ST05 HÚSA1KY05-1 HÚSA1KY05-61 | GLÚT2HH08 INRÉ2HH08 INNK2HH05 ÁÆST3SA05 LOKA3HU08 TRÉS1KY05-61 |
| Sólveig Sveinbjörnsdóttir | GRTEI1FF05 GRTEI1FÚ05 IÐTE1VB04 | GRTEI1FF05 GRTEI1FÚ05 ITEI2GB05 LISA3ÍS05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Heilt yfir gekk vel.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Skoða mætingu og mætingarreglur. Nemendur tengja misvel við námsefnið, skoða þarf hvernig hægt er að virkja nemendur sem sýna áhugaleysi. Kynna kennsluáætlun betur svo allir haldi dampi.

Þegar gefið er B (bið einkunn) þá þarf að klára innan ákveðins ramma og merkja við hvað nemendur eiga eftir að klára á Innu. COVID setti strik í fjölda verkefna (TRÉS1VÁ)

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – hver er reynslan?

Ný bók: Framkvæmdir og vinnuvernd – frekar yfirgrípamikil bók, velja þarf áhersluatriði þar.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Samningar við nemendur varðandi skil í áföngum sem þeir eru að taka upp aftur (grunnteikning).

Hvernig var mætingin á önninni?

Misjöfn milli hópa. Það er þörf á að skerpa á mætingareglum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Bjarki Ásgeirsson

Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Endurmenntun HÍ: Skapandi skrif í sögukennslu.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Starfstengd leiðsögn.

Gresham College: The Maths of Perspective in Art, The Maths of Beauty and Symmetry.

LBHÍ. Garðlistasaga.



Frá skemmtun á sal á spiladegi á vorönn.

8.2.14 Tölvufræðigreinar

| Kennarar og áfangar | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|--------------------------------|---|---|
| Hafþór Óskarsson | TÖTÆ1GR05 FORR2RO05 | TÖTÆ2FR05 GAGN1GR05 |
| Gísli Ragnarsson | FORR2LE05 (stubbar) FORR2PH05 FORR3RR05 VEFH2HÖ05 VFOR2PH05 VFOR3LO05 UMU1901 | FORR2GD05 FORR2LE05 (stubbar) FORR3PH05 VFOR2GR05 VFOR3BE05 VFOR3LO05 UMU1901 |
| Rósa Guðmundsdóttir, fagstjóri | TÖTÆ1GR05 UPPL1FA05 WIND1ES05 | TÖTÆ2FR05 UPPT1UU05 WIND2UP05 |

Hvað gekk vel á önninni?

Gekk vel á að vinna verkefni sem voru lögð fyrir. Verkefnavinna gekk vel í tölvugreinum. Mæting í tölvugreinum mjög góð. Gekk vel að vera með tilraunanámshóp nemenda af erlendum nemendum í upplýsingatækni. Gekk vel að fara yfir efni í hópum þar sem nemendahópur var mikið samsettur af eldri nemendum.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Fá fleiri nemendur á brautina. Nokkrir nemendur með mjög slaka mætingu. Nemendur virkuðu metnaðarlausir. Þegar leið á önnina urðu nemendur frekar þreyttir. Hefðum getað lagt okkur meira fram við að efla nemendur og virkja þá betur í kennslustundum.

Það verður gott að komast í vettvangsferðir með nemendur aftur (erfitt vegna COVID).

Nýjungar í kennsluháttum

Reynt að kenna speglaða kennslu en gekk ekki eins vel og reiknað var með. Nemendur virkuðu ekki alveg tilbúnir í þetta. Nýjar kennsluaðferðir notaðar fyrir nemendur af erlendum uppruna (og skoðuð ný kennslugögn fyrir þá).

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Góð reynsla á því nýja efni sem var prófað og mun nýta að hluta til áfram og bæta það á næstu árum.

Eins að taka saman gamalt efni og bæta það og gera það gagnvirkara.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Færa kennslu yfir í blandaða kennslu þar sem nemendur horfa á myndband sem innlögð í byrjun og vinna síðan spurningar í myndbandinu. Reyna að fá nemendur til að lesa betur eða fara yfir efni.

Hvernig var mætingin á önninni?

Mæting var góð hjá flestum en COVID setti smá strik í reikninginn. Nýnemar mættu betur en eldri nemendur. Það voru fleiri nemendur en venjulega sem féllu úr áföngum vegna lélegrar mætingar (vegna t.d. veikinda eða annarra ástæðna).

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Vera með „gulrót“ fyrir nemendur. Vera með einkunn fyrir alla hluti sem nemendur gerðu.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

COVID. Vera með sveigjanleika gagnvart nemendum sem misstu af prófi og verkefnum til að taka upp próf eða gera verkefni seinna.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Rósa Guðmundsdóttir

Námskeið í FS – Námsmat í fjölbreyttum nemendahóp

Háskóli Íslands, menntavísindasvið:

Stjórnun og forysta – 10 ECTS,

Starfstengd leiðsögn, leiðsagnarhlutverkið - 10 ECTS

Hlutverk millistjórnenda - 10 ECT

8.3 Námstjórar - lokaorð

Skólaárið var fjölbreytt og námstjórar aðlöguðu sig að fjöldatakmörkunum og aðstæðum varðandi fundarhald eftir því sem hentaði best hverju sinni. Í vor var einungis einn formlegur sóknardagur sem tókst mjög vel. Farið var yfir skólaárið á faggreinafundi, síðan var umræða um námsmat og framtíðarsýnina. Fjölbreyttar starfakynningar voru fluttar og starfsfólk sem tók þátt í erlendum samskiptum við aðra skóla kynntu námsferðir sínar til Finnlands og Póllands. Starfsþróunarverkefni um starfakynningar gekk vel en alls kynntu 18 hópar störf sín á fjölbreyttan hátt. Hluti starfsmanna fór síðan í námsferð til Búdapest þriðjudaginn 24. maí sem tókst afburða vel og voru átta skólar heimsóttir.

Námstjórar þakka fyrir lærdómsríkt og gefandi skólaár.

Tekið saman af:

Gunnar Magnús Jónsson

Katrín Sigurðardóttir

Rósa Guðmundsdóttir

Þórunn Svava Róbertsdóttir

9 Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og þá býr safnið yfir 40 fartölvum sem eru lánaðar í kennslustundir. Einnig eru vasareiknar og heyrnartól lánuð í kennslustundir. Fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Guðrún Einarsdóttir bókavörður.

Skólaárið 2021-2022

Opnunartími bókasafnsins er mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-13:00. Alls er safnið því opið 37 tíma í viku. COVID-19 hafði áhrif á starfsemi safnsins á skólaárinu enda voru nemendur mismikið í skólanum og einnig var starfið með breyttu sniði vegna smitvarna og breyttra kennsluaðferða. Opnunartími og þjónusta safnið tók því breytingum eftir því sem skipulag skólustarfsins breyttist.

Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

Aðföng og safnkostur

| | Aðföng 2021-2022 | Safnkostur | Aðföng 2021-2022 | |
|----------------|------------------|---------------|------------------|----|
| Bækur | 67 | 16.704 | Keypt | 57 |
| Myndefni | 1 | 1.138 | Aðsent | 1 |
| Hljóðefni | 0 | 247 | Gjafir | 10 |
| Hljóðbækur | 0 | 69 | Kennslubækur | 12 |
| Annað | 0 | 11 | | |
| Afskrifað: 27 | | | | |
| Samtals | 68 | 18.169 | | |

Aðföng - efnisflokkar

| | | | |
|-----------------------------------|---|----------------------------------|---|
| 000 Almennt efni | 1 | 500 Raunvísindi | 5 |
| 100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði | 4 | 600 Tækni, vísindi, framleiðsla | 9 |
| 200 Trúarbrögð | 0 | 700 Listir, skemmtanir, íþróttir | 6 |

| | | | |
|---------------------------|---|---------------------------------------|----|
| 300 Samfélagsfræðigreinar | 7 | 800 Bókmenntir | 26 |
| 400 Tungumál | 1 | 900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur | 9 |

Tímaritaáskriftir: 26

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttu- og dreifibréfa.

Útlán

Heimlán: 334

Millisafnalán: 8

Lán innan safns/skóla: 12.927 (haustönn 7.335, vorönn 5.592)

Guðmann Kristþórsson, forstöðumaður bókasafns, tók saman.



Appelsínugula liðið sigraði í Starfshlaupinu á vorönn 2022.

10 Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Á skólaárinu voru þrír námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna Magnúsdóttir var í 100% stöðu, Sunna Gunnarsdóttir í 86,25% stöðu og Sesselja Bogadóttir í 83,75% stöðu. Nemendafjöldi í dagskóla á haustönn 2021 var 943, nemendur í seinnipartsnámi voru 19 og 112 grunnskólanemendur á bæði haustönn 2021 og vorönn 2022. Á vorönn 2022 voru nemendur 841 í dagskóla og 8 í kvöldskóla.

Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hefur haldið utan um greiningar og sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með dyslexíugreiningar í upphafi beggja anna. Guðrún Jóna á sæti í áfallateymi skólans.

Sunna hafði umsjón með fornámshópum á báðum önnum og tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna var tengiliður Heilsueflandi framhaldsskóla. Eins sá Sunna um Canva auglýsingar og sinnti Instagram-reikningi skólans. Hún situr einnig í eineltisteymi skólans.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2021 með breyttu sniði vegna COVID-19. Sesselja var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni FS og Sandgerðisbæjar á skólaárinu. Sesselja situr einnig í eineltisteymi skólans.

Allir námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Sú breyting varð á að nemendur komu í FS og fengu kynningu á skólanum. Boðið var upp á hressingu sem mæltist vel fyrir. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Allir námsráðgjafar tóku viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum á framhaldsskólabrautum. Auk þess hafa námsráðgjafar í lok annar haft samband við nemendur sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Á haustönn 2021 fengu námsráðgjafar hver sinn hóp af nemendum sem voru á framhaldsskólabraut. Þessir nemendur voru í áfanganum Nemandinn og skólinn eða NEMO og voru námsráðgjafar umsjónarkennarar þessara áfanga. Áfanginn var tvisvar sinnum í viku og gaf nemendum eina einingu hvora önn. Farið var í ýmis hagnýt atriði í áfanganum eins og kynningu á skólakerfinu, sálfræðiþjónustu, námstækni, prófkvíða, sjálfsstyrkingu, samfélagsmiðlum og fleiru sem tengist námi og líðan nemenda. Á vorönn 2022 var sama fyrirkomulag og hver námsráðgjafi með sinn umsjónarhóp í NEMO.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða. Námstækni- og prófkvíðanámskeið eru orðin einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa og voru einir.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á heimasíðu skólans, á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna mikið ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil. Nemendur sem hafa stundað nám í skólanum leita til námsráðgjafa meðal annars varðandi val á fjarnámsáföngum í öðrum skólum. Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, upplýsingar um aðgengi að Hljóðbókasafninu, persónuleg mál eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að taka áhugasviðskönnun. Eins og undanfarin ár hefur áhugasviðskönnunin í leit að starfi verið notuð en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin í leit að starfi er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu. Námsráðgjafar setja í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmis konar greiningar að höfðu samráði við nemendur, ásamt því að koma öllum greiningum í Gopro í samráði við skjalastjóra. Allar upplýsingar sem varða nemendur á að varðveita í Gopro. Námsráðgjafar hafa sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika ef

nemendur óska eftir því. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hverrar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Hljóðbókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum sem óskað hafa eftir greiningu hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Á haustönn 2021 voru 159 greiningar vegna lesblindu, 99 greiningar vegna ADHD og ADD. Á vorönn 2022 voru 130 greiningar vegna lesblindu, 82 greiningar vegna ADHD og ADD. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu. Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum. Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á og að höfðu samráði við nemendur.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram á einstaklingsgrunni eða í litlum hóp. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíða að etja. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur eða litaðan pappír og að taka próf á tölvu svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Nemendum gefst kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það. Þeim nemendum sem vilja taka prófin í einrúmi fer stöðugt fjölgandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur sem eru þó saman í stofu. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Á haustönn 2021 voru 38 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2021 voru 10 nemendur sem sóttu um sérúrræði í lokaprófum. Fækkun umsókna um sérúrræði á vorönn má eflaust rekja til breytinga í námsmati.

Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal til Sunnu ásamt forráðamanni. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Haustið 2021 byrjuðu 22 nemendur í fornámi. Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan skólans er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi námsval barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Mikið og öflugt samstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Námskeið og fagfundir

Námsráðgjafar fóru á námskeið hjá Dale Carnegie. Í nóvember var netnámskeið í tímastjórnun og í maí var netnámskeið um seiglu.

Fundir innan skólans

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru í skólanum.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Í mars var haldin námskynning á sal skólans fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum og forráðamenn þeirra.

Sunna og Sesselja voru tvo daga á námskynningu á skólastarfi í Búdapest í maí.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok annar hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

Skólastarf á tímum COVID-19

Á haustönn var lítils háttar röskun á skólastarfi. Eins má nefna að á vorönn var lítils háttar röskun vegna ófærðar. Báðar annirnar einkenndust af veikindum nemenda, sóttkví og einangrun. Í lok annar var allt komið í eðlilegt horf.



Dimissio-hópur vorannar 2022.

11 Skýrsla forvarnarfulltrúa

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Skólaárið 2021-2022 var til að byrja með litað af takmörkunum tengdum COVID-19. Alls voru haldin þrjú skólaböll, eitt á haustönn 2021 en hin tvö á vorönn 2022.

Fyrsta ball skólaársins var haldið í september en til þess að kaupa miða þurftu nemendur að sýna fram á neikvætt COVID-próf. Þrátt fyrir það var ballið nokkuð vel sótt og gekk vel. Böllin sem haldin voru á vorönn gengu einnig mjög vel og var unun að sjá hversu glaðir nemendur voru að mega loksins koma saman án takmarkana.

Eins og áður þá vinna forvarnar- og félagslífsfulltrúar náið með lögreglu og er lögreglan sýnileg á böllum. Það hefur reynst vel og upplifa nemendur það á jákvæðan hátt að lögreglan sé á staðnum. Hlutverk forvarnarfulltrúa er að grípa inn í ef nemendur verða uppvísir að ölvun, hringja heim ef þeir eru undir 18 ára en koma þeim heim eftir öðrum leiðum ef þeir eru eldri en 18 ára.

Nokkur skemmtikvöld voru haldin innan skólans og í öllum tilfellum gengu þau vel og án nokkurar íhlutunar forvarnarfulltrúa.

Tóbaksnotkun

Forvarnarfulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna notkunar á tóbaki eða rafsígarettum. Skólaárið 2021-2022 þurfti forvarnarfulltrúi í raun að hafa afskipti af mjög fáum nemendum vegna tóbaksnotkunar. Í upphafi skólaársins voru nokkrir nemendur sem fengu áminningu en eftir því sem leið á skólaárið fækkaði þeim. Tóbaksnotkun virðist verða minna áberandi milli ára. Eins og síðustu ár þá er mjög lítið um tóbaksreykingar en eitthvað meira um notkun munntóbaks. Stefna skólans er að ef nemendur er staðnir að því að veipa innanhúss eða nota munntóbak þá er sett athugasemd inn í INNU. Ítrekuð brot nemenda undir 18 ára eru tilkynnt til foreldra/forráðamanna en rætt er beint við nemendur sem eru eldri en 18 ára.

Samtakahópurinn

Forvarnarfulltrúi á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundir Samtakahópsins eru yfirleitt haldnir snemma morguns eða á kennslutíma þannig að það er frekar erfitt fyrir forvarnarfulltrúa að sækja þá.

Forvarnarfulltrúi sækir þá fyrirlestra sem í boði eru þ.e. þegar hann hefur tækifæri til.

Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnarfulltrúi, tók saman.



Frá Starfshlaupi á vorönn 2022.

12 Skýrsla félagslífsfulltrúa

Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa er að vera stjórnarmeðlimum nemendafélags skólans innan handar varðandi ýmsar ákvarðanatökur, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala og hafa milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Félagslífsfulltrúi fundar reglulega með nemendafélaginu. Félagslífsfulltrúi er viðstaddur allar uppákomur á vegum nemendafélagsins. Hann á í miklu samstarfi við forvarnarfulltrúa, bæði varðandi böll og aðrar skemmtanir.

Samkomubann vegna COVID-19 hafði nokkur áhrif á störf nemendafélagsins og þá sérstaklega á fyrri hluta skólaársins. Í upphafi haustannar var haldið skemmtikvöld fyrir nýnema. Þar tóku þeir þátt í ratleik og skemmtu sér mjög vel. Nýnemaball var haldið í lok september en vegna COVID-faraldursins þurftu allir sem keyptu sér miða á ballið að fara í hraðpróf áður en mætt var á ball. Ballið fór mjög vel fram og mikil stemning var í Stapanum enda var þetta fyrsta ballið sem haldið var í hátt í tvö ár. Í október var haldið skemmtikvöld þar sem Hnísan frumsýndi nýtt myndband. Metþátttaka var á skemmtikvöldinu en um 350 nemendur mættu. Vizkustykki var gefið út á rafrænu formi og í desember var haldin útvarpsvika.

Vorönnin var mun viðburðaríkari en haustönnin. Í febrúar var haldin Valentínusarvika. Nemendafélagið seldi heimagerðar bollakökur, haldið var happdrætti og nemendur skelltu sér saman í bíó. Að venju gátu nemendur keypt rósir til að senda hver öðrum. NFS sendi fulltrúa til að keppa í spurningakeppninni Gettu betur. Þar keppti liðið á móti liði Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Lið skólans beið lægri hlut í þeirri baráttu. Einnig var keppt í MORFÍS en þar gekk örlítið betur. Liðið mætti Tækniskólanum á heimavelli þeirra og bar sigur úr bitum. Okkar fólk keppti því í átta liða úrslitum á móti Mennaskólanum við Hamrahlíð en MH fór þar með sigur af hólmi. Í byrjun mars var haldið þemaball en þemað var 80's. Öllum til mikillar gleði var búið að aflétta samkomutakmörkunum nægilega til að hægt væri að halda ball án nokkurra skilyrða. Mæting var góð á ballið og fór allt vel fram. Vox Arena var endurvakið á önninni og var í samstarfi við Frumleikhúsið. Settur var á svið söngleikurinn Grease við frábærar undirtektir. Haldnar voru tólf sýningar sem allar fóru fram fyrir fullu húsi. Í mars var haldin góðgerðarvika. Í þetta sinn var tekin ákvörðun um að styrkja Krabbameinsfélagið. Ýmislegt var gert til að safna fé. Fram fór góðgerðarsýning á Grease þar sem leikarar skiptust á hlutverkum og fóru á kostum. Haldið var góðgerðarspining þar sem þátttakendur borguðu sig inn. Einnig voru settar fram áskoranir þar sem nemendur skuldbundu sig til að leysa ákveðin verkefni ef ákveðnar upphæðir söfnuðust. Um 160 þúsund krónur söfnuðust í þetta skiptið.

Undir lok apríl voru haldnar vorkosningar til stjórnar NFS fyrir skólaárið 2022-2023. Sjálfkjörið var í fjögur af fimm embættum í aðalstjórn þar sem aðeins eitt framboð barst fyrir hvert embætti. Kosið var um varaformann félagsins en einnig um formann skemmtinefndar auk framboða í hinar ýmsu nefndir. Árshátíð nemendafélagsins fór fram í lok apríl. Árshátíðin var öll sú glæsilegasta og ekkert til sparað. Árshátíðarkvöldverður var haldinn í sal á Hótel Keflavík en ballið fór fram í Stapanum. Landsþekktir listamenn á borð við Siggju Beinteins, Bubba Morthens, Stuðlabandið, og Bjartmar Guðlaugsson stigu á stökk ásamt fleirum. Rúmlega 400 nemendur voru á ballinu sem gekk vonum framár. Nemendur skemmtu sér vel og aðeins þurfti að hafa afskipti af tveimur nemendum. Drykkja fyrir böll virðist því hafa minnkað töluvert.

Kosningar til nýrrar stjórnar nemendafélagsins fóru fram síðustu vikuna í apríl. Nýja aðalstjórn skipa eftirfarandi nemendur:

- Logi Þór Ágústsson – formaður
- Helena Mjöll Vilhjálmsdóttir – varaformaður
- Betsý Ásta Stefánsdóttir – framkvæmdastjóri
- Magnús Már Newman – Gjaldkeri
- Jökull Ingi Kjartansson – markaðsstjóri

Kristjana Hrönn Árnadóttir, félagslífsfulltrúi, tók saman.



Leikfélagið Vox Arena setti upp söngleikinn Grease í samvinnu við Leikfélag Keflavíkur.

13 Skýrsla sálfræðinga

Inngangsorð

Hér gefur að líta samantekt á lykiltölum sálfræðipjónustu við Fjölbautaskóla Suðurnesja fyrir skólaárið 2021/2022. Þetta er sjötta árið þar sem unnið er samkvæmt þjónustusamningi um aðkeypta sálfræðipjónustu frá fræðsluviði Reykjanesbæjar. Samantekt þessari er ætlað að veita innsýn í starfsemi þjónustunnar á liðnu skólaári. Á nýliðnu skólaári var áfram lögð áhersla á gott aðgengi og sýnileika þjónustunnar. Umsóknareyðublöð í þjónustuna eru rafræn og aðgengileg nemendum á vef skólans sem auðveldar nemendum að sækja um viðtöl. Boðið var upp á fjölbreytt form viðtala til að tryggja aðgengi að þjónustunni; ýmist með staðviðtölum eða símaviðtölum.

Sálfræðipjónustan var vel nýtt af nemendum á síðasta skólaári, líkt og undanfarin ár. Ástæður umsókna um viðtöl voru sambærilegar fyrri árum, þar má nefna kvíða- og depurðareinkenni og streitu, erfiða lífsreynslu og álag í félagsumhverfi. Eftir afléttingu samkomutakmarkana vegna COVID-19 voru nemendur að takast á við breyttar aðstæður í skólaumhverfinu. Minna var um fjarkennslu og skólastarfið fór í eðlilegra horf. Margir nemendur fundu fyrir áskorunum að koma til baka og nefndu til dæmis félagslega einangrun og kvíða fyrir að mæta í skólann sem ástæður þess. Áfram var boðið upp á val um stað- eða fjarviðtöl en allir sem sóttu þjónustuna völdu staðviðtöl. Í undantekningartilfellum þegar skólahald færðist í fjarform vegna óveðurs eða annarra takmarkana voru nokkrir sem nýttu sér fjarviðtöl. Greina mátti þunga í tilvísunarástæðum og þörf fyrir sérhæfðari þjónustu sem erfitt var að vísa í. Nemendur ílengdust í viðtölum hjá sálfræðipjónustu í skólanum vegna takmarkana á biðlista heilsugæslunnar og löngum biðlistum sálfræðinga á einkastofum. Við framtíðarskipulagningu á sálfræðipjónustu í skólanum er mikilvægt að huga vel að kynningu á þjónustunni til annarra þjónustuaðila og samstarfi við þá, til að stuðla að sem bestri þjónustu.

Lykiltölur skólaársins sýna sambærilega aðsókn í viðtöl nú og á síðasta skólaári. Sú 60% aukning sem var í aðsókn á milli skólaáranna 2019/2020 og 2020/2021 helst á milli ára. Samantekt á lykiltölum sálfræðipjónustunnar síðustu sex ár gefa til kynna að þjónustan sé vel nýtt af nemendum skólans. Á síðustu sex skólaárum hafa tæplega 350 nemendur fengið fasta viðtalstíma hjá sálfræðingi þar sem hver nemandi hefur fengið að jafnaði 2-6 viðtöl. Líkt og síðustu skólaár var þjónustupörf nemenda ólík en sálfræðipjónustan mætti þörfum meirihluta nemenda. Samantekt á lykiltölum síðustu ára sýna að stór hluti þeirra sem sækja um þjónustuna eru yngri en 18 ára sem undirstrikar mikilvægi þess að lágþröskuldapjónusta sé aðgengileg fyrir þennan aldurshóp.


Skipulag þjónustu

Sálfræðingar á vegum fræðsluviðs Reykjanesbæjar veita nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Þá getur starfsfólk skólans og foreldrar nemenda einnig óskað eftir ráðgjöf í tengslum við nemendur skólans. Sálfræðingar eru með fasta viðveru í skólanum tvo daga í viku.

Nemendur óska eftir sálfræðiþjónustu á vef skólans. Þjónustan við nemendur felst í einstaklingsviðtölum þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf, fræðslu og stuðning auk þess að leiðbeina nemendum áfram í viðeigandi þjónustu þegar það á við. Tilgangur þjónustunnar er að stuðla að almennri velferð nemenda og veita þeim stuðning við að fá viðeigandi aðstoð sé þess þörf. Viðtalstímar eru yfirleitt um 30 mínútur en geta verið lengri eða styttri, þar sem nemandi og sálfræðingur setja sameiginleg markmið til að vinna að.


Lykiltölur

Á skólaárinu 2021/2022 óskuðu alls 79 nemendur eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi. Fáeinir nemendur héldu áfram viðtölum frá skólaárinu á undan. Kynjahlutfall þeirra sem sóttu um föst viðtöl var ójafnara en fyrri ár, þar sem 70% viðtalsbeiðna komu frá stúlkum í ár. Flestar beiðnir bárust frá nemendum sem eru fæddir árin 2003 og 2005 eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1. Aldursdreifing nemenda sem óskuðu eftir föstum viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans á skólaárinu 2021/2022.

Flestar viðtalsbeiðnir bárust í upphafi hvers misseris, þ.e. september, október, janúar og febrúar (mynd 2). Á skólaárinu var öllum nemendum sem sendu inn viðtalsbeiðni boðnir fastir viðtalstímar. Þrettán nemendur drógu umsókn sína til baka eða mættu ekki í bókuð viðtöl og voru einhverjir þeirra komnir í aðra þjónustu. Alls mættu 68 nemendur í viðtalstíma á skólaárinu og var biðtími eftir viðtali frá fáeinum dögum til nokkurra vikna. Fjöldi viðtala var misjafn hjá þeim nemendum sem komu í fasta viðtalstíma en flestir eða 75% nýttu eitt til fimm viðtöl.




Mynd 2. Fjöldi viðtalsbeiðna eftir mánuði



Frá útskrift vorannar 2022.

Skráning á helstu ástæðu komu var í höndum sálfræðings og nemenda. Meirihluti nemenda greindu frá kvíðatengdum vanda sem helstu ástæðu komu eða alls um 42% eins og kemur fram á mynd 3. Um 35% nemenda lýstu streitu, erfiðri lífsreynslu og álagi í félagsumhverfi sem helstu ástæðu komu. Þá lýstu 17% nemenda depurð og vanlíðan sem helstu ástæðu. Þjónustubörf þeirra nemenda sem óskuðu eftir viðtölum var misjöfn þegar litið er til stöðu þeirra, hamlandi áhrifa vandans á daglegt líf og hversu lengi vandinn hefur staðið yfir. Fyrir meirihluta nemenda var þjónustubörf mætt að fullu með sálfræðiþjónustu í skólanum. Aðrir höfðu þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðiþjónustunni, sem erfitt gat verið að vísa í. Þar má nefna þörf fyrir aðkomu lækna, sálfræðimeðferð, barnavernd, þjónustu heilbrigðisstofnana (sbr. LSH og HSS) eða þjónustu félagasamtaka og stuðningshópa



Mynd 3. Yfirlit yfir helstu ástæðu komu

Fyrir hönd skólþjónustu fræðsluviðs,

Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur, Lára Björg Grétarsdóttir sálfræðingur og Hulda María Einarsdóttir sálfræðingur